

„Meintar ástæður“ sjálfsvíga á Íslandi á nítjándu öld

Í þessari grein verður fengist við sjálfsvíg hér á landi á nítjándu öld. Leitast verður við að svara spurningunum: Hverjar voru taldar helstu ástæður sjálfsvíga og hvaða ljósi geta þær varpað á meint samband milli sjálfsvíga og aðstæðna fólks í samfélaginu? Í rannsókninni verður einkum beitt félagsögulegri aðferð sem virðist vel fallin til að skapa glögg yfirlit yfir efni greinarinnar m.t.t. þeirra heimilda sem fyrir liggja.¹

Ástæður þess að ofangreint rannsóknartímabil varð fyrir valinu eru einkum tvær. Á nítjándu öld urðu mikil straumhvörf í afstöðu ríkis og kirkju til sjálfsvíga en með nýjum hegningarlögum sem gengu í gildi 1870 voru öll sérákvæði um þau sem létust í sjálfsvígi felld úr gildi. Áður hafði fólk átt á hættu að vera grafið utangarðs og að eignir þess væru gerðar upptækar.²

Þegar horft er til búsetudreifingar og atvinnuvega hér á landi mestan hluta nítjándu aldar er nærtækt að lýsa samfélaginu sem fámennu sveitasamfélagi.³ Sé auk þess litið til tæknistigs, félagslegra innviða, læknis- eða heilbrigðisþjónustu, almennrar menntunar og mannréttinda er nærtækt að nefna íslenska nítjándu aldar samfélagið fornútímalegt (e. *premodern*).⁴ Innviðir samfélagsins voru vanburðugir og yfirbygging þess einföld lengst af tímabilinu. Framan af nítjándu öld voru kirkjumál nátengd félagsmálum og samofin fræðslumálum þjóðarinnar.

¹ Fleiri sjónarhorn og aðferðir væru gefandi í þessu sambandi. Má þar einkum nefna einsögurannsóknir sem væru m.a. til þess fallnar að gefa dýpri innsýn í tilfinningar og hugarheim þeirra sem næst stóðu þeim sem tóku eigið líf. Eins og fram kemur í greininni hafa á hinn bóginn engar heimildir fundist um þessi atriði hjá hinum látnu sjálfum um þær mundir sem þau létust. Hér er tekið eitt skref í átt að einsögurannsókn en það er í tilvikum Sakaríasar Illugasonar á Hjöllum í Þorskafirði. Þar er tvennt til. Heimildir frá réttarprófinu sem haldið var í kjölfar atviksins eru óvenjulega umfangsmiklar og gefa m.a. athyglisverða innsýn í trúarlega orðræðu Sakaríasar sem er tekin til sérstakrar skoðunar. Ljóst er að Sakarías naut í lífanda lífi allnokkurrar sérstöðu. Hann var jarðeigandi og átti auk þess, að því er virðist, umtalsvert lausafé. Hann hélt þó aldrei eigið bú en dvaldi síðustu ár ævinnar á eignarjörð sinni, Hjöllum, sem lausamaður og hefur það væntanlega verið mjög fátítt ef ekki einstakt. Þá virðist hann hafa verið í nokkuð nánum samskiptum við hreppstjórnann í heimahreppi sínum og e.t.v. sóknarprestinn, a.m.k. innan þeirra marka sem embættisskyldur hans, og þá einkum við húsvitjanir, buðu. Að Sakaríasi látnum var og haldið óvenjulega umfangsmikið réttarpróf sem veitir nokkuð góða innsýn í hugmyndir heimafélks á Hjöllum og jafnvel fleiri um hvað gerst hafði. Í flestum öðrum tilvikum eru réttarprótókollarnir sem til eru mun fáorðari og veita fyrst og fremst upplýsingar um ytri atriði, svo sem aðkomu að líkinu, viðbrögð þeirra sem fyrst komu á vettvang (t.d. lífgunartilraunir en þó jafnframt óttaviðbrögð sem komu í veg fyrir þær og/eða læknisvitjanir) og meðferð á líkunum, auk hugmynda vitnanna um hvers vegna viðkomandi lét bugast, þ.e. „meintar ástæður“ sjálfsvígsins, sem er meginviðfangsefni greinarinnar. Takmarkar þetta mjög möguleika á því að beita nálgun á einsögulegum nótum. — Dr. Sigurjón B. Stefánsson geðlæknir las greinina yfir. Er honum hér með þakkað fyrir gagnlegar ábendingar.

² Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld: Tilraun til þjóðháttar- og sagnfræðilegrar greiningar“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 59/2024, bls. 20–54, hér 25–30.

³ Sama heimild, bls. 21–24.

⁴ Með *premodern* er hér átt við þær samfélagaðstæður sem ríktu fyrir daga iðnbyltingarinnar. Litið er svo á að hér hafi iðnbyltingin staðið yfir frá síðustu áratugum nítjándu aldar til fyrstu áratuga þeirrar tuttugustu og því hafi hið nútímalega samfélag komið til sögunnar hér á landi mun síðar en í nálægum löndum. Sjá: Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk* (2. pr.), Íslensk menning/Ritröð ReykjavíkurAkademíunnar og Hins íslenska bókmenntafélags, ritsjtj. Adolf Friðriksson o.fl., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Reykjavíkur-Akademían, 2007, bls. 105–109.

Félags- og velferðarmál beindust að stærstum hluta að ómagaframfærslu sem var málefni einstakra hreppa með nokkurri aðkomu presta sem verið höfðu hreppstjórum til ráðuneytis og aðstoðar. Árið 1872 voru sveitarstjórnarmálin falin hreppsnefndum, sem þá voru settar á laggirnar. Dró þá úr lögformlegum hlutverkum presta á þeim vettvangi.⁵ Sú aðferð sem beitt var fólst aðallega í að koma ómögum fyrir í niðursetu hjá þeim sem lægst buðu í framfærsluna næsta árið.⁶

Varðandi viðfangsefni þessarar greinar koma heilbrigðismál, auk velferðarmála, helst til álita. Um 1800 voru sex læknisembætti í landinu að landlækni meðtöldum. Starfandi lækna voru orðnir átta um miðja öldina. Var staðan þannig fram til 1876 er læknishéruðin urðu tuttugu. Við lok rannsóknartímans varð bylting í þessu efni er héruðunum var fjölgað upp í 42.⁷ Þegar bráð veikindi, slys, sjálfsvíg eða sjálfsvígstilraunir bar að var oftast langt og torsótt að sækja lækni og úrræði lækna og aðstæður voru bágbornar. Enn takmarkaðri voru bjargirnar þegar geðræna sjúkdóma bar að höndum eins og vikið verður að síðar í greininni.

Árið 1849 öðluðust Danir víðtæk mannréttindi á grundvelli stjórnarskrár eða grundvallarlaga og með eigin stjórnarskrá frá 1874 urðu Íslendingar hluttakandi í þeim. Var þar með grunnur lagður að nútímalegum mannréttindum hér á landi. Í millitíðinni nutu landsmenn þó í mörgu þess réttar sem dönsku grundvallarlögin tryggðu þar sem stjórnvöld ytra vildu að þegnarnir nytu sem mests jafnræðis í þessu efni.⁸ Innlendum forystumönnum í félagsmálum var aftur á móti lítt umhugað um aukið einstaklingsfrelsi.⁹ Hér, eins og víðar í álfunni, var við lýði kerfi sem miðaði að söfnun upplýsinga um þegnana, eftirliti með dvalarstað þeirra, ferðum, hegðun og háttum, sem og kerfisbundinni innrætingu ákveðinnar hugmyndafræði sem tók til hugarfars, gilda og dyggða.¹⁰ Vistarbandið, eða sú skylda fólks að ráðast í ársvist á ákveðnu heimili, var virkt tæki til að ná þessum markmiðum, sem og til að stýra háttum fólks sem mest og koma í veg fyrir lausung, óreiðu og betl.¹¹ Það, ásamt löggjöf um húsmennsku og lausamennsku sem sett var á síðustu áratugum nítjándu aldar, var þó ekki fyrst og fremst hugsað til að standa vörð um þrönga hagsmuni bænda heldur ofangreint kerfi, sem og alla félagsgerð sveitasamfélagsins.¹²

⁵ *Lövsamling for Island 21*, Kaupmannahöfn, 1889, bls. 354–366; Hrafnkell Lárusson, *Lýðræði í mótun*, Reykjavík: Sögufélag, 2024, bls. 56–77.

⁶ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 3*, Kaupmannahöfn, 1864, bls. 402.

⁷ *Sjónartíðindi* 1875A, bls. 76–78; *Sjónartíðindi* 1899A, bls. 114–120; Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874–1918“, *Saga Íslands 10*, ritstj. Sigurður Línal o.fl., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2009, bls. 5–312, hér 179–182; Erla Dóris Halldórsdóttir, *Mislingar*, Reykjavík: Nýhöfn, 2021, bls. 138–139.

⁸ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 9–195, hér 54–59; Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830–1874“, *Saga Íslands 9*, ritstj. Sigurður Línal o.fl., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2008, bls. 167–374, hér 347–349.

⁹ Hjalti Hugason, „Mér finnst þetta vera hið sama sem að biðja um að sinni trú verði eytt...“: Greining á alþingisumræðu um trúfrelsi 1863 og 1865“, *Ritrið Guðfræðistofnunar 22/2006*, bls. 43–80, hér 75–76.

¹⁰ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld*, Reykjavík: Sögufélag, 2017, bls. 51–163.

¹¹ Sama heimild, bls. 51–52. — Stefna yfirvalda rúmaði á hinn bóginn svigrúm fyrir bjargálna lausamenn að framfleyta sér á eigin forsendum. Már Jónsson, „Lausamennskutílskipunin 1783: Tilurð og texti“, *Ritið* 1/2024, bls. 7–56 (einkum 29–32).

¹² Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 102–105; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 60.

Í greininni er byggt á marghátuðum heimildum. Má þar nefna sagnarit frá níjtjándu öld og þá einkum rit Jóns Espólíns (1769–1836) og samverkamanna hans, sem og *Annál níjtjándu aldar* eftir Pétur Guðmundsson (1832–1902) prest í Grímsey. Um miðbik tímabilsins bættust fréttadálkar landsmálablaða við en ritstjórar þeirra voru iðnir við að birta fregnir af sjálfsvígum, ásamt fregnum af slysförum almennt á landi og sjó. Þá hafa dómabækur sýslumanna reynst mikilvægar heimildir í þessu sambandi en í kjölfar sjálfsvíga bar að halda réttarpróf sem útiloka skyldu að um morð eða manndráp hefði verið að ræða og upplýsa um aðstæður hinna látnu í aðdraganda sjálfsvíganna og þær ástæður sem gætu hafa hrundið þeim til verknaðarins.

Alla þessa heimildaflokka verður að umgangast með varúð.¹³ Nærtækt virðist að ætla að í dómabókunum sé að finna traustari upplýsingar en í sagnaritum og landsmálablöðum. Þær eru þó alls ekki hlutlægar heimildir heldur háðar ýmsum takmörkunum og er mikilvægt að setja upplýsingar þeirra í rétt samhengi.¹⁴ Það gat t.d. þjónað hagsmunum þeirra sem mættu fyrir rétt að hagræða aðstæðum sér í vil, t.d. með því að draga úr kynnum sínum við fólk sem tekið hafði líf sitt og samskiptum sínum við það. Í því sambandi má geta að í apríl 1852 hóf Jón Thoroddsen (1818/9?–1868) sýslumaður og skáld rannsóknargjörð til að leiða í ljós málsatvik við sjálfsvíg Sakaríasar Illugasonar á Hjöllum í Gufudalssókn þá skömmu áður. Við það tækifæri bar Guðbjörg Guðmundsdóttir húsfreyja á bænum að hún gæti ekkert sagt „[...] frá tali hans né meiningum um trúarbragðaeftir“ þar sem þau hefðu sofíð hvort í sínum enda baðstofunnar.¹⁵ Á Hjöllum voru um þetta leyti níu manns í heimili, þar af tvö ung börn. Ekki hafa öll sofíð ein í rúmi. Baðstofan hefur því ekki þurft að vera lengri en sem svaraði þremur stafgólfum (um 1,80 m) til að rúma allt heimilisfólkið. Því má draga í efa að húsfreyjunni hafi verið með öllu ókunnugt um skoðanir og tal Sakaríasar, hvort sem hann tjáði sig í baðstofunni eða annars staðar á bænum. Mikilvægt var þó að vitnisburður fólks við réttarpróf væri trúverðugur og alltaf var viðbúið að vitnið yrði kafið um að vinna að honum eið.¹⁶

Við kerfisbundna úrvinnslu heimildanna var aðeins litið svo á að sjálfsvíg hefði átt sér stað ef orðalag gaf það ótvírætt til kynna eða það kæmi á annan hátt skýrt fram að samtímafólk hefði talið að um sjálfsvíg væri að ræða. Með þessum hætti hefur tekist að finna upplýsingar um sjálfsvíg 34 kvenna og 133 karla. Ástæða er þó til að ætla að tilvikin hafi verið mun fleiri.¹⁷

¹³ Um mat og túlkun heimildanna, sjá: Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg og sveitasamfélag: Aðdragandi — aðferðir — afleiðingar“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 60/2025, bls. 3–29, hér 4–6.

¹⁴ Vilhelm Vilhelmsson, „Stílfært og sett í samhengi: Um heimildargildi vitnisburða í réttarheimildum“, *Saga* 1/2015, bls. 15–45, hér 18.

¹⁵ *Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ)*. Sýslumaður Barðastrandarsýslu. GA/3-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1847–1852, bls. 78–82.

¹⁶ Eiðurinn gat hljóðað svo: „Eg [NN] sver þann eið og seigi það almáttugum Guði og þessum rétti, að allt hvað eg hefi í dag vitnað hér fyrir réttinum og hefur spurt verið viðvíkjandi dauðsmáta [NN], hef eg satt sagt og eingu af leint og engu við auðið. Lofsamlega hjálpi mér Guð og hans heilaga Orð.“ Vitnin sóru með þremur fingrum hægri handar upp lyftum. *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. GA/4-1. Dómabók Snæfellsness 1807–1814, bls. 118. — Bæri vitnum vel saman og ekkert benti til að frásögn þeirra væri ótrúverðug gat sýslumaður komist að þeirri niðurstöðu að bæði væri „ónauðsynlegt og ótíðhæfilegt“ að krefjast svardaga. *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Strandasýslu. GA/1-4. Dóma- og þingbók Strandasýslu 1850–1863, ónúmeruð.

¹⁷ Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á níjtjándu öld“, bls. 35–37. — Til samanburðar má geta þess að samkvæmt tölum sem fram koma í doktorsritgerð Jóns Finsen (1826–1885) læknis í Danmörku urðu 10 sjálfsvíg á árunum 1835–1844 en 54 á árunum 1850–1867. Jón taldi sjálfsvíg hafa verið 2,8–7,1 sinnum algengari í Danmörku en hér á landi eftir því hvort fólk bjó í dreifbýli, þéttbýli eða í Kaupmannahöfn. Jón Finsen, *Iagttagelser angaaende*

Með riti sínu *Le suicide* (1897) lagði franskur félagsfræðingurinn Émile Durkheim (1858–1917) grunn að nútímalegum rannsóknum á sjálfsvígum út frá félagslegu og sögulegu sjónarhorni. Mat Durkheims var að helstu orsakir sjálfsvíga væri fremur að finna í röskuðum eða rofnum tengslum einstaklinga við samfélag sitt en í læknisfræðilegum ástæðum. Styrkur rannsóknarinnar fólst einkum í því að sýna fram á að samband væri milli athafna einstaklinga, þar á meðal sjálfsvíga, og félagslegra aðstæðna. Þegar fram liðu stundir þótti rannsóknartímabil Durkheims þó of skammt, auk þess sem heimildir væru almennt of ótraustar til að byggja tölfræðilegar niðurstöður á þeim. Áherslan í sögulegum rannsóknum beindist því um langt skeið fremur að breytingum á afstöðu einstaklinga og samfélags til sjálfsvíga fremur en að sjálfsvíg sem slík væru rannsökuð. Þessi áherslubreyting leiddi m.a. til að athyglin tók að beindast að áhrifum sekulariseringar á átjándu og nítjándu öld á afstöðuna til sjálfsvíga en á því tímabili tók að draga úr eindreginni fordæmingu ríkis og kirkju á sjálfsvígum sem kom fram í lagaákvæðum um niðrandi greftrunarmáta þeirra sem létust í sjálfsvígum og upptöku á eignum þeirra. Athygli manna tók nú að beinast að áhrifum einstakra menningar- og hugmyndastrauma, auk áhrifamikilla bókmenntaverka í þessu sambandi, í stað félagslegra aðstæðna áður. Á síðustu áratugum hefur þó verið litið svo á að of mikið hafi verið gert úr afhelgunarþætti breytingarinnar og bent á að fremur hafi hin fyrri sameiginlega fordæming rofnað á þann hátt að fjölpættari sjónarmiða hafi tekið að gæta samtímis. Á síðustu áratugum hefur að nýju tekið að gæta vaxandi áhuga fyrir rannsóknum á sjálfsvígum sjálfum í stað afstöðunnar til þeirra. Hafa rannsóknir sem taka til takmarkaðs tíma og afmarkaðra svæða þótt renna nýjum stöðum undir hugmyndir Durkheims um sambandið milli sjálfsvíga og félagslegrar einangrunar.¹⁸ Þær heimildir sem hér er byggt á eru fremur til þess fallnar að varpa ljósi á afstöðu fólks til sjálfsvíga á rannsóknartímanum en að upplýsa um sjálfsvígin sjálf, í þessu tilviki raunverulegar ástæður þeirra.

Af eldri rannsóknum um sjálfsvíg hér á landi á fyrri öldum ber sérstaklega að nefna grein Hrafnkels Lárussonar um viðhorf til sjálfsvíga hér á landi á sautjándu og átjándu öld og fyrri skrif greinarhöfundar um sjálfsvíg á nítjándu öld.¹⁹ Þá ber og að nefna rit sagnfræðiprófessorsins Arnes Jarrick um sjálfsvíg í Svíþjóð fyrir á öldum sem hér er haft til hliðsjónar.²⁰

Sygdomsforholdene i Island: Afhandling for medicinske Doktorgrad ved Københavns Universitet, Kaupmannahöfn: C.A. Reitzels Forlag, 1874, bls. 172.

¹⁸ Émile Durkheim, *Suicide: A Study in Sociology*, ensk þýð. J.A. Spaulding og G. Simpson, New York: The Free Press, 1979, bls. 297–360; Róisín Healy, „Suicide in Early Modern and Modern Europe“, *The Historical Journal* 49:3/2006, bls. 903–919, hér 903–910, 913, 918.

¹⁹ Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði: Um viðhorf til sjálfsvíga á 17. og 18. öld“, *Ritid* 2/2014, bls. 31–54; Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld“, bls. 20–54; Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg og sveita-samfélag“, bls. 3–29.

²⁰ Arne Jarrick, *Hamlets fråga: En svensk självmordshistoria*, Stokkhólmi: Norstedts, 2000.

Meintar ástæður sjálfsvíga — Flokkun

Ástæður sjálfsvíga geta verið margar, flóknar og samþættar.²¹ Í fæstum tilvikum hefur þeim sem næst stóðu atvikunum heldur verið ljóst að hverju dró eða verið kunnugt um allt sem að baki bjó og knúði fólk til að láta til skarar skriða. Eigi að síður má gera ráð fyrir að aðstandendur hafi verið í ríkri þörf fyrir að skilja og skýra þann veruleika sem sjálfsvíginn voru hluti af.²² Meðan sérstök viðurlög voru við sjálfsvígum bar, auk þessarar mannlegu viðleitni, félagslega nauðsyn til að leiða í ljós hverjar ástæður mætti ætla að hafi búið að baki sjálfsvígum og hvert ástand og/eða aðstæður þeirra sem í hlut áttu hafi verið þegar atvikið átti sér stað. Voru þessi atriði því fastur og mikilvægur þáttur í réttarprófunum sem haldin voru.²³

Aðeins í tveimur tilvikum hafa fundist vísbendingar um að menn sem létu lífið í sjálfsvígi hafi skilið eftir sig bréf og aðeins í annað skiptið er vitað um inntakið. Af þessum sökum er einungis mögulegt að hafa uppi á þeim atriðum sem samtímafólk áleit vera ástæður sjálfsvíga. Þess vegna verður hér aðeins rætt um „meintar ástæður“ fyrir þeim. Varpa þær einkum ljósi á skilning eða viðhorf fólks til sjálfsvíga á tímabilinu en sýna jafnframt hvaða atriði voru talin auka sjálfsvígshættu.

Lítið var fjallað um ástæður sjálfsvíga almennt hér á landi á nítjándu öld. Þó kom Jón Finsen (1826–1885) læknir í Danmörku nokkuð inn á það atriði í doktorsritgerð sinni og þá einkum til að skýra hvers vegna þau voru miklu fátíðari á Íslandi en í Danmörku þrátt fyrir að geðsjúkdómar, og þá einkum þunglyndi, væru að hans sögn algengir meðal landsmanna.²⁴ Leit hann svo á að almennt séð stöfuðu sjálfsvíg af óánægju með lífið, skorti á auðmýkt gagnvart guðlegri forsjón, kjarki og styrk til að bera andstreymi. Hér á landi háttaði aftur á móti svo til, að hans mati, að tiltölulega mikill jöfnuður ríkti milli fólks hvað varðaði stéttarstöðu, almenningsálit, eignir og lífshætti, auk þess sem tiltölulega litlar kröfur væru gerðar til lífsins og lystisemda þess sem allir nytu tiltölulega jafnt. Af þessum ástæðum væru litlar ástæður til vonbrigða, öfundar eða tilfinninga fyrir að vera sett(ur) hjá. Hér hélt hann sem sé fram þeirri lífseigu „mýtu“ að á landinu væri stéttlaust samfélag sem einkenndist af jöfnuði milli fólks. Ljóst er þó að kjörum fólksins í landinu var misskipt á nítjándu öld, ekki síður en bæði fyrir og eftir þann tíma. Auk þess sem hér var talið áleit Jón Finsen að Íslendingar væru upplýst þjóð, einkum trúarlega séð, auk þess sem sönn guðhræðsla þeirra ylli því að þeir tækju mótlæti almennt af auðmýkt. Enn taldi hann að áköf (d. *kolerisk*) skaphöfn einkenndi þjóðina sem kæmi í veg fyrir að hún bugaðist af erfiðleikum. Loks kvað hann að hér væru sjálfsvíg talin óvenju viðurstygigileg og

²¹ Guðrún Eggertsdóttir, *Sjálfsvíg! ... hvað svo?: Sálgaðsla eftir sjálfsvíg*, [án útgáfustaðar]: Muninn bókaútgáfa, Íslendingasagnaútgáfan, 1997, bls. 20–21.

²² Guðrún Eggertsdóttir, *Sjálfsvíg! ... hvað svo?*, bls. 44–45.

²³ Þf. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri. GA/10-1. Dóma- og þingbók 1860–1865, bls. 26r–27v.

²⁴ Jón Finsen taldi sjálfsvíg hafa verið 2,8–7,1 sinnum algengari í Danmörku en hér á landi eftir því hvort fólk bjó í dreifbýli, þéttbýli/kaupstöðum eða í Kaupmannahöfn. Jón Finsen, *Lagttægelser angaaende Sygdomsforholdene i Island*, bls. 172–173.

þá ekki síst vegna þess hve sjaldgæf þau væru.²⁵ Allar þessar skýringar verður að telja börn síns tíma.

Þegar fjallað skal um meintar ástæður sjálfsvíga er handhægt að flokka þær út frá kerfi sem fallið er til að skapa sem gleggsta yfirsýn. Þess ber þó að gæta að oft leiðir slík flokkun til einföldunar og/eða alhæfinga.²⁶ Þar sem heimildir eru líka ólíkar að eðli og uppruna verður að taka tillit til að orðfærið sem viðhaft var við útskýringar á ástæðum sjálfsvíga er æði fjölbreytilegt, jafnvel þótt aðeins sé horft til opinberra réttarprótókolla. Eins og drepið hefur verið á liggja líka sjaldan einfaldar ástæður að baki sjálfsvígum. Þetta virðist fólki á níttjándu öld hafa verið fullljóst en stundum er í heimildum getið fleiri en einnar ástæðu og tíðum rúmast þær illa innan eins og sama flokks. Þá er ekki ætíð auðvelt að ákvarða hvað var talið hafa verið aðalástæða sjálfsvígs eða hvert samband hafi verið talið milli ólíkra ástæðna, þ.e. hvort ein hafi verið talin afleiðing annarra(r). Þannig var t.a.m. um annan af tveimur prestum sem taldir eru hafa ráðið sér bana á rannsóknartímanum. Meðan allt lék í lyndi var hann þekktur fyrir að vera reglusamur, glaður, skemmtinn og vinsæll. Hann var sagður hafa varpað sér í sjóinn er hann var úti á gangi með konu sinni á vordegi. Var álitíð að þetta hefði hann þó ekki endilega gert til að ráða sér bana heldur hefði hann „[...] þjáðst af hálftruflun með þínu í höfðinu“ lengi vetrar og læknis því verið vitjað en það komið fyrir ekki. Þá var þess getið að hann hefði verið gripinn ofskynjunum eða ranghugmyndum er atvikið varð. Var sagt „[...] að hann hafi þózt sjá fagra og græna ey þar úti á firðinum, þar sem þó engin var, er hann vildi fyrir hvern mun ná til.“²⁷ Hefur þetta væntanlega verið byggt á sögn ekkjunnar. Vera má að þessu megi koma heim og saman með þeim hætti að presturinn hafi þjáðst af geðrænum veikindum ásamt líkamlegum einkennum er leitt hafi til eins konar geðrofs þegar atvikið bar að. Einnig var þó getið annarrar og óskyldrar ástæðu en sagt var að hann hefði sett fyrir sig að kona hans hefði átt vingott við annan mann er hún giftist síðar.²⁸ Ljóst er að þessar ástæður rúmast illa í einum og sama flokknum. Hér virðist þó hafa verið litið svo á að geðræni vandinn hafi ráðið mestu og er gengið út frá því hér.

Í rannsókn sinni á sjálfsvígum á sautjándu og átjándu öld skipaði Hrafnkell Lárusson ástæðum þeirra eins og þeim var lýst í annálum í eftirfarandi fimm flokka, auk safnflokksins *annað: geðveiki; vond freistni (Satans); fátækt/ bágindi; missir/sorg og skömm/ refsing*.²⁹ Almennt eru heiti flokkanna gagnsæ. Þó verður að slá þann varnagla að skilningur á geðsjúkdómum var með allt öðru móti á árnýöld en eftir að nútímaleg geðlæknisfræði kom til sögunnar. Hefur það bæði ráðið

²⁵ Sama heimild, bls. 173–174. — Á sínum tíma var skaphöfn manna skipað í fjóra flokka, sangvinska, melankólíska, kóleríska og flegmatíska og þær tengdar vessum líkamans. Þau sem höfðu kóleríska skaphöfn voru talin láta andstreymi hvorki ógna sér né yfirbuga. Ole Kristian Hallesby, *Skaphafnir manna*, Reykjavík: Kristilegt bókmenntafélag, 1938, bls. 73.

²⁶ Sjá: Arne Jarrick, *Hamlets fræga*, bls. 53.

²⁷ „Mannalát“, *Norðri* 25. september 1859, bls. 72; „Mannalát og slysfarir“, *Þjóðólfur* 30. september 1859, bls. 146–147, hér 147; Pjetur Guðmundsson, *Annáll níttjándu aldar 3*, Akureyri: Hallgr. Pjetursson og Bókaútgáfan Edda, 1931–1941, bls. 77.

²⁸ Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar aviskrár 4*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1951, bls. 21.

²⁹ Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði“, bls. 45–46. — Hrafnkell Lárusson lítur svo á að flokkurinn *vond freistni (Satans)* vísi í raun til geðrænna vandamála og að fjöldi tilvika innan hans á sautjándu öld hafi stafað af galdrafarinu. — Hér er litið svo á að hér megi sjá áhrif frá guðfræði siðaskipta- og rétttrúnaðartímans. Sjá: Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á níttjándu öld“, bls. 25–26.

miklu um hvað flokkað var undir geðveiki og hvaða heiti eða hugtök voru notuð yfir það. Flokkurinn *missir/sorg* nær ekki aðeins yfir sorg eftir missi nákominna heldur einnig efnalegan missi, svo sem felli bústofns eða annað tap sem raskaði lífsafkomu fólks. Flokkurinn *skömm/refsing* tók oftast til skammar vegna yfirvofandi eða nýafstaðinnar refsingar og þá oftast vegna þjófnaða.³⁰

Á sautjándu öld var flokkurinn *skömm/refsing* stærstur. Næstur kom *vond freistni*. Þá komu flokkarnir *geðveiki* og *missir/sorg*. Flokkurinn *fátækt/bágindi* var þá tómur.³¹ Á átjándu öld horfðu ástæðurnar allt öðru vísi við. Þá var flokkurinn *geðveiki* afgerandi stærstur. Næstir komu flokkarnir *fátækt/bágindi*, *skömm/refsing* og *missir/sorg* í þessari röð eftir fjölda tilvika. Aðeins eitt tilvik (þ.e. færsla í annál) flokkaðist undir *vond freistni* á átjándu öld.³²

Flokkunarkerfi Hrafnkels Lárussonar hefur þann kost að flokkarnir eru fáir og rúmir en spanna ástæður af mjög mismunandi tagi: sálrænar (*geðveiki*), tilfinningalegar (*missir/sorg*), efnahagslegar (*fátækt/bágindi*) og félagslegar (*skömm/refsing*). Í þeim hluta rannsóknar Arnes Jarrick sem beinist að ástæðum sjálfsvíga í Svíþjóð er einkum litið til átjándu aldar.³³ Hann gengur út frá flokkunarkerfi sem hann byggir á átta sértækum flokkum, auk tveggja safnflokka: *aðrar ástæður* og *óþekktar ástæður*. Sértæku flokkarnir eru: *þunglyndi* (s. *svårmod*); *efnislegar þjáningar* (s. *materiellt lidande*), þar á meðal líkamlegir sjúkdómar, *fátækt* og *drykkja*; *vitfirring* (s. *huvudsvaghet*), þar á meðal æði og það að vera viti sínu fjær; *illur ásetningur* (s. *ond avsikt*); *missætti* (s. *söndring*), t.d. í hjónabandi, fjölskyldu eða við yfirboðara; *vonleysi* (s. *förtvivlan*), m.a. lífsleiði, efasemdir um eigin getu eða náð Guðs; *trúarlegar efasemdir* (s. *religiös misströstan*), trúarlegt grufi og vangaveltur eða guðsafneitun; og loks *ástvinamissir* (s. *förlust av anhörig*), oftast dauði maka eða barna.³⁴

Arne Jarrick komst að þeirri niðurstöðu að mikils stöðugleika hefði gætt hvað varðaði ástæður þess að fólk greip til sjálfsvíga á tímabilinu frá um 1600 til um 1800 og hefði þunglyndi, vitfirring og vonleysi verið algengastar.³⁵ Að því leyti koma niðurstöður hans vel heim og saman við það sem fram kom í rannsókn Hrafnkels Lárussonar og þá einkum varðandi átjándu öldina. Þó benti hann á að ekki mætti nota flokkunarkerfið of vélrænt þar sem mismunandi ástæður gætu hafa unnið saman. Efnislegar þjáningar kynnu t.a.m. að hafa leitt til vonleysis.³⁶

Fjöldi flokka í rannsókn Arnes Jarrick felur í sér bæði kosti og galla. Annars vegar býður hann upp á mikla sundurgreiningu og þar með hugsanlega nákvæmara yfirlit en kemur fram með flokkun Hrafnkels Lárussonar. T.a.m. greinir Jarrick milli tveggja afbrigða geðrænna sjúkdóma, *þunglyndis* (s. *svårmod*) og *vitfirringar* (s. *huvudsvaghet*), en færa má rök fyrir þeirri skiptingu út frá þeim viðhorfum

³⁰ Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði“, bls. 45–47.

³¹ Sama heimild, bls. 46–47. — Í grein sinni gefur Hrafnkell Lárusson fjölda tilvika í hverjum flokki og á þar við færslur í annálum þar sem oft getur verið um sama sjálfsvíg að ræða. Þannig stóð t.d. eitt sjálfsvíg að baki sjö færslum á 17. öld sem flokkaðar voru undir *skömm/refsing*. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við þær sem fram koma í þessari grein og eiga við fjölda sjálfsvíga.

³² Sama heimild, bls. 45.

³³ Arne Jarrick, *Hamlets fråga*, bls. 52–81.

³⁴ Mikilvægt er að hafa í huga að ástæður eins og (óvelkomin) þungun, sem og afbrot og hræðsla við refsingu, falla undir safnflokkinn „aðrar ástæður“ samkvæmt flokkunarkerfi Arnes Jarrick. Sama heimild, bls. 55 (tafla 1 m. skýringum).

³⁵ Sama heimild, bls. 52–53, 57, 77–78.

³⁶ Sama heimild, bls. 53, 67.

sem ríktu á þessu sviði a.m.k. á nítjándu öld. Hins vegar hlýtur kerfið að hafa í för með sér nokkurn túlkunar- og/eða flokkunarvanda sem vinnur gegn traustleika yfirlitsmyndarinnar. T.d. er áhorfsmál hve tengdar ástæðurnar sem falla undir flokkinn *efnislegar þjáningar* (s. *materiellt lidande*) eru en hann spannar m.a. líkamlega sjúkdóma, fátækt og drykkju. Vafi leikur á hvort ekki ætti að flokka drykkju sérstaklega, a.m.k. hér á landi, með tilliti til hvernig henni var háttað hér á nítjándu öld.

Flokkunarkerfi Arnes Jarrick spannar fjölbreyttari ástæður en kerfi Hrafnkels Lárussonar að því leyti að, auk sálrænna, félagslegra, efnahagslegra og tilfinningalegra ástæðna, dregur kerfið fram ástæður eins og samskiptavanda (mis-sætti/*söndring*) og umfram allt trúarlegar ástæður (trúarlegar efasemdir/*religiös misströstan* og vonleysi/*förtvivlan*, a.m.k. að hluta). Slíkra skýringa sér ekki stað í rannsókn Hrafnkels Lárussonar og er álitamál hvort það stafar af því að hann gangi um of út frá nútímalegum viðhorfum og aðferðum sem ekki rúma trúarlegar ástæður eða hvort slíkar skýringar komi ekki fram í heimildum hans og að þeirra hafi þá hugsanlega ekki gætt hér. Af þessum sökum verður sérstaklega látið reyna á slíkar ástæður hér með því að hafa einn flokk sérmerktan trúarlegum ástæðum.

Í þessari rannsókn verður gengið út frá kerfi sem rúmar eftirfarandi átta sér-tæka flokka, auk safnflokksins „*Aðrar ástæður*“: 1) *Geðrænn vandi*. Undirflokkar: Geðveiki, vitfíring og annar geðrænn vandi; 2) *Skömm*. Undirflokkar: Glæpir/refsing og Breytt almenningssálit; 3) *Hjúskaparmál í uppnámi*; 4) *Örbirgð og örmögnun*; 5) *Líkamlegir sjúkdómar*; 6) *Einsemd og félaglegur vandi*; 7) *Drykkja*; 8) *Trúarvél*.

Alls er mögulegt að greina meintar ástæður fyrir 96 af þeim 167 sjálfsvígum sem byggt er á við rannsóknina, eða rúmlega 57 af hundraði tilvikanna. Til frekari glöggvunar var tímabilið skoðað í þremur hlutum m.t.t. heimilda og þeirra viðurlaga sem lágu við sjálfsvígum varðandi greftrunarmáta og hugsanlega eignaupptöku. Á fyrsta skeiði þess, eða til um 1850, er áhrifa landsmálablaða tók að gæta verulega við fréttáflutning, var mögulegt að greina meintar ástæður fyrir um 60 prósentum af tilvikunum. Á tímabilinu 1850 til 1870 er hins vegar unnt að tilfæra meintar ástæður allra tilvikanna. *Þjóðólfur* tók að koma út 1848 og í kjölfarið fór landsmálablöðum fjölgandi með auknum fréttáflutningi, þar á meðal um „mannalát“ og slysfarir, þar á meðal sjálfsvíg. Frá 1870 og út öldina er aðeins getið meintra ástæðna í um 40 prósentum tilvikanna enda voru nú ekki lengur í gildi nein sérstök lagaákvæði um þá sem féllu fyrir eigin hendi og því var síður en áður ástæða til að grafast fyrir um orsakir sjálfsvígs. Af þessu má sjá að ágætar forsendur eru til að kanna meintar ástæður sjálfsvíga um miðbik rannsóknartímans og sæmilegar bæði fyrir það og eftir. Sé getið fleiri en einnar lík-legrar skýringar sjálfsvígs, þar á meðal geðræns sjúkdóms eða vanda, er hér litið svo á að þar sé aðalástæðuna að finna, enda höfðu slíkir sjúkdómar margvíslegar afleiðingar í för með sér. Ljóst er og að sterkur geðrænn þáttur getur hafa leynst í flestum hinna ástæðnanna sem hér eru látnar ráða flokkun þótt önnur atriði hafi þá verið talin hafa ráðið úrslitum.

Tafla 1. Sjálfsvíg á nítjándu öld flokkuð eftir meintum ástæðum

Meint ástæða		Fjöldi
Geðrænn vandi		56
Geðveiki	37	
Vitfíring	16	
Annar geðrænn vandi	3	
Skömm		13
Glæpir/refsing	8	
Breytt almenningssálit	5	
Hjúskaparmál í uppnámi		5
Örbirgð og örmögnun		5
Líkamlegir sjúkdómar		5
Einsemd og félagslegur vandi		4
Drykkja		4
Trúarvíl		1 (?)
Aðrar ástæður		3
Samtals		96

Geðrænn vandi

Langalgengast var að sjálfsvíg væru rakin til *geðrænna vandamála*: *geðveiki*, *vitfíringar* eða *geðræns vanda af öðrum toga*. Á þetta við um hátt í 60 prósent af tilvikunum 96. Ástæða þess að greint er milli geðveiki og vitfíringar er byggð á þeim viðhorfum sem hér ríktu á rannsóknartímanum. Fyrstu markvissu viðleitnina til að fræða Íslendinga um geðsjúkdóma má rekja til upplýsingartímans en Sveinn Pálsson (1762–1840), síðar fjórðungslæknir í Sunnlendingafjórðungi, ritaði á níunda og tíunda áratugi sautjándu aldar þrjár greinar í *Rit Hins konunglega íslenska lærdómslistafélags* þar sem komið er inn á efnið. Þar byggði hann á hefðbundnum hugmyndum sem rekja má allt til fornaldar en jafnframt bera greinarnar vott um ný viðhorf.³⁷ Sveinn flokkaði geðsjúkdóma, eins og venja var á þessum tíma, í tvo meginflokka: geðveiki eða *melancholia* og vitfíringu eða *mania/raserie*.³⁸

Sveinn segir geðveiki algenga í landinu og mjög margbreytilega. Áleit hann hana oft tilkomna af léttvægum orsökum en einnig geta þróast upp úr „miltisveiki“ (lat. *hypocondria*) sem var eitt heiti þunglyndis. Einkennin gátu verið sífelld þögn, ókæti, óeira, lífsleiði, óánægja með kjör sín, „hatur“ á sjálfum sér og öðrum, grátur, hryggð, þráhyggja, efi, grúfl í trúarefnum, örvinglan, kvíði og hræðsla vegna einskisverðra hluta. Auk þess missti fólk matarlyst, reglulegan svefn og eðlilegar hægðir. Geðveikina taldi hann algenga skýringu á að fólk stytta

³⁷ Sigurgeir Guðjónsson, *Aðbúnaður geðveikra á Íslandi og umbætur yfirvalda fyrir daga geðspítala*, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2013, bls. 105–106, [skemman.is](https://skemman.is/bitstream/1946/16732/1/Skjal%20fyrir%20prentun%20A%20B%29.pdf), sótt 12. mars 2025 af <https://skemman.is/bitstream/1946/16732/1/Skjal%20fyrir%20prentun%20A%20B%29.pdf>.

³⁸ Michel Foucault, *Vansinnets historia under den klassiske epoken*, Arkiv moderna klassiker, Stokkhólmi: Arkiv förlag, 1986, bls. 131–151. (Á frummáli: *Histoire de la folie à l'âge classique*).

sér aldur. Sem samheiti nefndi hann: þunglyndi, samviskuveiki, sinnisveiki, sturlun, fálæti/fáleika, hjartveiki, hrellingu, hugtreaga/hugarvíl, óeirðu og örvinglan.³⁹

Vitfirringu taldi Sveinn geta brotist út skyndilega og upp úr þurru en geta staðið lengi. Sjúkdómurinn kvað hann óskyldan óráði sem fylgdi skæðum sjúkdómum, sem og elliórum. Gæti vitfirringin verið meðfædd eða þróast upp úr geðveiki, enda væru sjúkdómarnir náskyldir. Þeir sem veiktust voru sagðir ærir, óðir, bandóðir, vitstola, hamstola, afsinna eða vitlausir. Samheiti voru: vitleysa, írafár (lat. *delerium*), ærsl og æði.⁴⁰

Sökum þess hve nán tengsl væru milli geðsjúkdóma og „sjálfsmorða“ (lat. *suicidium*) hallaðist Sveinn að því að telja sjálfsvíg meðal banvænna sjúkdóma. Sýnir það næsta nútímalega afstöðu til þessa viðkvæma málaflokks. Hann leit þó eigi að síður á sjálfsvíg sem „óhæfu“ sem koma mætti í veg fyrir væri rétt að farið við umönnun hinna sjúku. Kvað hann algengast að sjálfsvíg væru framkvæmd með „[...] skérandi edr eggjárnnum [...] edr med drucknun, [...] ellegar og med kyrkingu [...]“.⁴¹ Kemur það heim og saman við það sem rannsókn á aðferðum við sjálfsvíg á nítjándu öld hefur leitt í ljós.⁴²

Sveinn Pálsson fræddi um þau úrræði sem til væru við meðhöndlun fólks með geðsjúkdóma og voru þau af svipuðu tagi og læknisráð sem gripið var til við mörgum öðrum sjúkdómum, svo sem blóðtaka og notkun búkhreinsandi meðala.⁴³ Þá taldi hann rétta umgengnishætti við hin sjúku mikilvæga.⁴⁴

Árið 1840 gaf Jón Hjaltalín (1807–1882), síðar landlæknir, út lækningakver fyrir almenning. Hann var áhugasamur um málefni geðsjúkra, sem og vatnslækningar sem þá höfðu lengi verið notaðar við ýmiss konar sjúkdómum en nutu nú aukins álits. Hann bætti því meðhöndlun með köldu vatni við þau úrræði sem beita mætti við geðsjúkdóma sem hann taldi bæði geta átt sér líkamlegar og sálrænar orsakir. Sjúkdómama flokkaði hann með sama hætti og Sveinn Pálsson hafði gert.⁴⁵ Jón Hjaltalín hélt og áfram að tala fyrir mannúðlegum sjónarmiðum í garð hinna veiku.⁴⁶

³⁹ [Sveinn] Pálsson, „Íslensk Siúkdóma nöfn“, *Rit Þess Konúnglegra Íslenszka Lærdóms-ListaFélags* 9 (fyrir 1789), 1789, bls. 177–230, hér 209, 213–214; [Sveinn] Pálsson, „Íslensk Siúkdóma nöfn (Framhaldit)“, *Rit Þess Konúnglegra Íslenszka Lærdóms-ListaFélags* 10, 1790, bls. 1–60, hér 22, 30, 41, 57, 59; [Sveinn Pálsson], „Tilraun að upptelia sjúkdóma þá er að bana verða, og ordid géta fólki á Íslandi“, *Rit þess Konúnglegra Íslenszka Lærdóms-ListaFélags* 15, 1797, bls. 1–150, hér 85–86. — Um hjartveikina segir Jón Nordmann (1820–1877), sem prestur var í Grímsey, að hún felist í einhvers konar hræðslu og telur mikil bröð að henni í cynni. Jón Nordmann, *Grimseyjarhýsing*, Menn og minjar: Íslenskur fróðleikur og skemmtun 3, Finnur Sigmundsson bjó til prentunar, Reykjavík: H.F. Leiftur, 1946, bls. 15; Karin Johannisson, *Melankolíska rum: Om ángest, leda och sårbarhet i förfluten tid och nutid*, Stokkhólmi: Albert Bonniers förlag, 2009, bls. 29, 31–38. — Mikilvægt er að hafa í huga að *melancholia* og þunglyndi í læknisfræðilegu merkingunni *depression* er ekki eitt og hið sama. Fyrir á öldum var *melancholia* skilgreind út frá tilfinningum en nú er *depression* skilgreind út frá atferli. Í riti sínu um melankólíu fyrir á tímum sýnir hugmyndasagnfræðingurinn Karin Johannisson fram á að birtingarform veikindanna voru breytileg m.t.t. staðar, tíma, kyns, þjóðfélagsstöðu o.fl. Karin Johannisson, *Melankolíska rum*, einkum bls. 11–25, 43, 64–67, 257–266.

⁴⁰ [Sveinn] Pálsson, „Íslensk Siúkdóma nöfn (Framhaldit)“, bls. 55, 58; [Sveinn Pálsson], „Tilraun að upptelia sjúkdóma þá er að bana verða, og ordid géta fólki á Íslandi“, bls. 86–89.

⁴¹ Sama heimild, bls. 113–114.

⁴² Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg og sveitasamfélag“, bls. 13–18.

⁴³ Fyrir daga nútímalegrar sálfræði var ekki mögulegt að gera greinarmun á líkamlegum og geðrænum sjúkdómum og/eða lækningaaðferðum. Michel Foucault, *Vansinnets historia*, bls. 180, 184, 214–215.

⁴⁴ [Sveinn Pálsson], „Tilraun að upptelia sjúkdóma þá er að bana verða, og ordid géta fólki á Íslandi“, bls. 86.

⁴⁵ Jón Hjaltalín, *Lækninga-kver*, Kaupmannahöfn: Eð íslenszka bókmentafélag, 1840, bls. 21–22; [Jón] Hjaltalín, „Um blóðtökur“, *Ný félagsrit* 1841, bls. 13–58, hér 53–54; [Jón Hjaltalín], „Um sinnisveikjur og spítala fyrir sinnisveika“, *Heilbrigðistíðindi* 2/1879, bls. 9–13, hér 11–12.

⁴⁶ Jón Hjaltalín, *Lækninga-kver*, bls. 21–22; [Jón] Hjaltalín, „Um blóðtökur“, bls. 53–54.

Í doktorsritgerð sinni komst Jón Finsen að þeirri niðurstöðu að geðsjúkdómar væru hlutfallslega algengir á Íslandi og að af þeim væri þunglyndi tíðast. Þá taldi hann ekki marktækan mun milli kynja í þessu tilliti.⁴⁷ Torvelt er að ákvarða raunverulegan fjölda fólks með geðsjúkdóma hér á landi á nítjándu öld. Ekki er auðvelt að afmarka það fólk sem ákveðinn hóp, m.a. vegna þess að ekki var um stöðluð sjúkdómsheiti að ræða. Var skráningin því komin undir persónulegu mati þeirra sem önnuðust manntöl og hefur það mat verið breytilegt frá einum stað til annars.⁴⁸ Tölur um fjölda fólks með geðsjúkdóma verður því að taka með varúð. Í manntali frá 1801 var getið geðsjúkdóms í 21 tilfelli.⁴⁹ Skyld var að geta hve mörg væru haldin geðsjúkdómi í manntölum sem tekin voru 1845, 1850 og síðan aftur frá 1880.⁵⁰ Niðurstaða þeirra kemur fram í töflu 2.

Tafla 2. Fjöldi geðveikra á Íslandi og hlutfall þeirra af hverjum 1000 íbúum⁵¹

Ár	Fjöldi	Hlutfall af þúsund íbúum
1845	135	2,3 ‰
1850	91	1,5 ‰
1880	80	1,1 ‰
1890	123	1,7 ‰
1901	133	1,7 ‰

Til samanburðar var tíðni geðveiki í Danmörku 1,3 ‰ árið 1845 en 2,3 ‰ árið 1874.⁵² Dreifðist geðveikt fólk nokkuð jafnt hlutfallslega eftir búsetu í landinu í hverju manntali.⁵³ Hér var tíðni geðveiki allan ofangreindan tíma hærri meðal kvenna en karla. Kann það að nokkru leyti að stafa af því að athygli beindist í vaxandi mæli að „móðursýki“ (d. *hysteri*) sem var, eins og nafnið á íslensku bendir til, einkum greind meðal kvenna.⁵⁴ Þá var tíðnin mun hærri meðal eldra fólks (yfir 60 ára) en meðal þeirra sem yngri voru. Kunna elliglöp þar að blandast inn í.⁵⁵ Loks var hlutfall ógiftra meðal geðsjúkra hátt og þá einkum í tilviki karlanna (90%). Ekkjur voru líka tiltölulega margar í þessum hópi.⁵⁶ Varpar hið lága hlutfall geðsjúkra hér ljósi á hve mikil fylgni var talin milli sjálfsvíga og geðrænna veikinda á rannsóknartímanum.

Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðingur hefur í seinni tíð lagt mest af mörkum við rannsóknir á stöðu geðveikra hér á landi fyrr á tíð en í doktorsritgerð sinni kannaði hann hugmyndir um eðli og orsakir geðveiki, aðstæður og lífsskilyrði geðveikra og loks opinbera stefnu í málefnum þeirra frá seinni hluta átjándu

⁴⁷ Jón Finsen, *Iagttagelser angaaende Sygdomsforholdene i Island*, bls. 118–119.

⁴⁸ Sigurgeir Guðjónsson, *Aðbúnaður geðveikra á Íslandi*, bls. 23–30.

⁴⁹ Sama heimild, bls. 26.

⁵⁰ Sama heimild, bls. 30–32, 34, 39.

⁵¹ Sama heimild, bls. 31 (tafla 2.2).

⁵² Sama heimild, bls. 31.

⁵³ Sama heimild, bls. 32, 36.

⁵⁴ Sama heimild, bls. 40.

⁵⁵ Sama heimild, bls. 41–42.

⁵⁶ Sama heimild, bls. 42–43.

aldar til 1907.⁵⁷ Ritgerð hans spannar því rannsóknartímabil þessarar könnunar og rúmlega það.

Aðaláherslan í umönnun geðveikra á nítjándu öld fólst í að gæta þeirra og koma í veg fyrir að þau færu sjálfum sér að voða eða sköðuðu annað fólk, sem og að halda þeim að vinnu í þeim mæli sem mögulegt var. Þetta var sérstökum vandkvæðum bundið þegar bændur urðu sjúkir en þeir fóru með húsbóndavald á heimilinu. Var þá stundum brugðið á það ráð að koma þeim í gæslu á öðrum bæjum.⁵⁸ Þegar verst lét var fólk bundið eða lokað inni í afhýsum eða klefum. Jafnvel var slegið utanum það búrum þar sem það var haft í haldi um lengri eða skemmri tíma. Ef ekki var mögulegt að sjúklingar dveldu á eigin heimili eða í skjóli ættingja voru þeir á ábyrgð heimahrepps. Voru þeir, líkt og aðrir ósjálfbjarga einstaklingar, boðnir niður til árs niðursetu hjá þeim bónda sem lægst bauð. Sú úrlausn reyndist þó oft ómöguleg þar sem bændur reyndust ófúsir að stofna til slíks álags á heimili sín. Voru sjúklingarnir því stundum látnir fara á milli bæja í hreppnum til skammtímavistunar. Hefur enda vart verið á færi venjulegs sveitaheimilis að annast og umlíða slíkan einstakling til langframa nema nán tengsl kæmu til. Þegar þetta úrræði brást var förumennska innan hrepps umborin og jafnvel flakk um stærra svæði. Hefur sá háttur líklega gefið fólki nokkurn kost á að hafa áhrif á eigið líf, eins og þegar það tók t.a.m. að stunda kaupskap á ferðum sínum eða bera bréf og aðrar sendingar milli fólks. Með tilkomu Kleppsspítala 1907 bauðst geðsjúkum fastur dvalarstaður, hreinlæti, fæði og fatnaður, auk gæslu. Fyrst í stað kom fólk einkum til dvalar þar úr þéttbýli en þar var gerð ríkari krafa um reglufestu en til sveita þar sem sveigjanleiki og frávík liðust lengur.⁵⁹

Hér er byggt á fyrrgreindri sjúkdómsflokkun Sveins Pálssonar sem líta má á sem viðtekna á rannsóknartímanum og fellur vel að þeirri orðnotkun sem fram kemur í heimildunum sem notaðar eru til að greina meintar ástæður sjálfsvíga á tímabilinu. Þegar sagt er í heimildum að maður, karl eða kona, hafi verið geðveikur, sinnislaus af geðveiki, veikur eða bilaður á geðsmunum, ekki hraustur á geði, hjartveikur, sinnisveikur og þunglyndur er litið svo á að einstaklingurinn hafi verið þjáðst af geðveiki. Þegar heimildir geta aftur á móti um að karl eða kona hafi verið í æði, vitskert, ekki alvita, brjáluð, afsinna, með óráði, rænuskert, með höfuðóra, ekki verið með fullu ráði eða fásinna er litið svo á að viðkomandi hafi verið vitfirrt(ur).⁶⁰

Þegar þess er getið að fólki hafi verið mjög brugðið, verið haldið órósemi eða heilabrotum, verið venju fremur þegjandalegt, hafi strítt við hugsýki eða hugarvingl eða átt við svefnleysi að glíma, án þess að talað væri um geðveiki eða vitfirlingu, er litið svo á að viðkomandi hafi átt við „annan geðrænan vanda“ að

⁵⁷ Sama heimild, bls. 9.

⁵⁸ „Mannalát“, *Norðanfari* 27. september 1866, bls. 44; „Ófarir að sjálfsvöldum“, *Þjóðólfrur* 13. nóvember 1866, bls. 9–10, hér 9; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 3, bls. 319.

⁵⁹ Sigurgeir Guðjónsson, *Aðbúnaður geðveikra á Íslandi*, bls. 43–77.

Sjá og: Sigurgeir Guðjónsson, „Aðbúnaður geðveiks fólks á Íslandi á 19. öld: Brot úr örlagasögu Guðbjargar Arngrímsdóttur (1818–1885)“, *Skaftfelllingur: Þattir úr Austur-Skaftafellssýslu*, 2012–2014, bls. 103–107; Sigurgeir Guðjónsson, „Í „öruggri vist“ eða förufólk? Hlutskipti fólks með geðsjúkdóma á Íslandi á 19. öld“, *Fötlun og menning: Íslandssagan í öðru ljósi*, ritstj. Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum, 2013, bls. 127–144.

⁶⁰ Þess skal getið að í lækningabókum frá nítjándu öld var gerður greinarmunur á óráði sem fylgdi næmum sjúkdómum eða ellibilun og óráði þeirra sem áttu við vitfirlingu að stríða.

etja. Ítrekað skal að hér er ekki um læknisfræðilega flokkun að ræða að nútíma-skilningi heldur er leitast við að taka mið af samtímaviðhorfum og heimildunum sem fyrir liggja.

Eins og fram er komið var geðrænn sjúkdómur eða annar geðrænn vandi talinn skýra hátt í 60 af hundraði þeirra dauðsfalla sem hér er fjallað um og á annað borð er mögulegt greina sem það sem hér er nefnt „meint ástæða“ sjálfsvígs.⁶¹ Svo sem fram hefur komið lá þung refsing við sjálfsvígum langt fram eftir rannsóknartímanum ef sannað þótti að þau hefðu ekki orðið vegna sjúkdóms eða ædis en hér er litið svo á að þá sé átt við geðveiki og vitfirringu. Öll viðurlög við sjálfsvígum féllu á hinn bóginn niður með nýjum hegningarlögum 1870. Áhugavert er því að kanna hvort þessi straumhvörf endurspeglar með einhverju móti í skýringum fólks á meintum ástæðum sjálfsvíganna. Athugun leiðir í ljós að hlutfall sjálfsvíga sem skýrð voru með geðrænum vanda lækkaði einungis örlítið, eða úr 54 prósentum í 50 prósent, eftir gildistöku laganna. Þessi litli munur rennir stóðum undir að fólk hafi raunverulega litið svo á að þetta væri algengasta ástæða fyrir sjálfsvígum en ekki að geðræn veikindi væru tilfærð sem ástæða til að komast hjá eignaupptöku og niðurlægjandi greftrun utan kirkju-garðs. Raunar er heldur vart ástæða til að draga í efa að þessi skýring fái staðist í flestum tilvikum.

Ljóst er að ekki er mögulegt að byggja sjúkdómsgreiningar á lýsingum fólks á nítjándu öld í heimildum af því tagi sem hér liggja til grundvallar. Í sumum tilvikum er samt mögulegt upp að vissu marki að varpa ljósi á meintar ástæður sjálfsvíga með hjálp nútímalegrar geðlæknisfræði.⁶² Árið 1859 hengdi sig t.a.m. bóndi austur á Langanesi sem hafði lengi verið „geðveikur“. Á bæ hans var vatnsmylla. Áður en veikindi hans brutust út hafði sonur hans á ellefta ári fallið í myllulækinn og kramist til bana undir vatnshjólinu.⁶³ Sökum þessa átakanlega slyss er nærtækt að ætla að þarna megi sjá merki þess sem í dag kallast áfalla-streituröskun (PTSD/PTSS).⁶⁴ Á nítjándu öld var það nánast sameiginleg reynsla foreldra að missa eitt eða fleiri börn. Ungbarnadauði var hár alla öldina þrátt fyrir að úr honum drægi er á hana leið. Landlægir sjúkdómar og ekki síður faraldrar smitsjúkdóma herjuðu líka á stálpuð börn. Á það ekki síst við um barnaveiki sem hoggið gat stór skörð í systkinahópa eða lagt öll börn á sama heimili að velli, jafnvel á fáum dögum.⁶⁵ Þrátt fyrir þetta má gera ráð fyrir að

⁶¹ Hlutfallið er um 32% af þeim tæplega 170 sjálfsvígum sem byggt er á í rannsókninni.

⁶² Til að greina geðræna sjúkdóma eða vanda fólks þarf sem kunnugt er endurtekin viðtöl og greiningar m.a. á grundvelli viðtekinnar greiningarlista/-handbóka. Greining getur og tekið breytingum í ljósi nýrra skilmerkja. Ljóst er að engar forsendur eru til að beita slíkum gagnreyndum aðferðum þegar löngu liðnir einstaklingar eiga í hlut. Þá ber þess og að gæta að birtingarform geðrænna sjúkdóma og öll viðhorf til þeirra eru félags- og menningarlega háð. Einkum ber í því sambandi að nefna að tilkoma nútímalegrar sálfræði breytti þessum viðhorfum í grundvallaratriðum. Karin Johannisson, *Melankolíska rum*, bls. 13–25. Af þessum sökum verður engu slegið föstu um sjúkdómsástand fólk á nítjándu öld út frá nútímalegri læknisfræði. M.t.t. sál-líkamlegra eða *psyko-somatiska* viðbragða mannsins við aðstæðum sínum, áskorunum, hættum, þörfum o.s.frv., virðist þó nauðsynlegt að taka tillit til áhrifa af völdum meðfæddra líffræði- og sálfræðilegra þátta, auk hinna félags- og menningarbundnu, þegar um birtingarform sálræns vanda er að ræða. Áke Daun, *Det allmännskliga och det kulturbundna*, Stokkhólm: Prisma, 1999, einkum bls. 210–224. Því verður að veita „náttúrulegan stöðugleika“ á móti „menningarlegum breytileika“ þegar um birtingar- og tjáningarform geðræns vanda er að ræða.

⁶³ Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 3, bls. 43.

⁶⁴ Anna Gerge, *Trauma: Om psyko-terapi vid posttraumatisk och dissociativ problematik*, Ludvika: Dualis, 2010, bls. 14–24.

⁶⁵ Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg: Einsögunarráðgjafir á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*, Sagnfræðirannsóknir/Studia Historica 13, Reykjavík: Sagnfræðistofnun HÍ, Háskólaútgáfan, 1997, bls. 171, 174, 177, 194–214.

munur hafi verið á viðbúnaði og viðbrögðum fólks við þeim aðstæðum sem flest heimili glímdu við og þeim kringumstæðum sem upp komu þegar skyndilegt slys batt enda á líf barns sem komið var yfir hættulegasta aldurinn. Vitund fólks um tíðan ungbarnadauða og þekking þess á barnaveikinni kann t.a.m. að hafa búið það undir það sem verða vildi, aukið því seiglu og greitt úr tilfinningalegri úrvinnslu þess. Öðru máli gegnir um þau sem stóðu án aðdraganda frammi fyrir orðnum hlut.⁶⁶ Streituröskun í kjölfar áfalls felur í sér einstaklingsbundin viðbrögð við atviki sem ógnar lífi þeirra sem fyrir því verður eða þeirra nánustu. Rannsóknir sýna að flest, eða 75 af hundraði, þeirra sem verða fyrir áfallareynslu þróa ekki með sér streituröskun. Af þeim sem verða fyrir áfalli vegna dauða af völdum slyss virðast aðeins 5 prósent þróa með sér röskun, sem er tíu sinnum lægra hlutfall en meðal þeirra sem verða fyrir ofbeldisreynslu eða taka þátt í stríðsátökum.⁶⁷ Ljóst er því að áfallastreituröskun af hliðstæðu áfalli og faðirinn varð fyrir í þessu tilviki er sjaldgæf í nútímanum. Svo hefur væntanlega líka verið á nítjándu öld. Á hinn bóginn er vart ástæða til að ætla að einstaklingar hafi ekki brugðist við áföllum með álíka sálrænum og tilfinningalegum hætti og nú á dögum.

Þá má nefna eitt eða tvö tilvik þar sem svo virðist sem þau er í hlut áttu hafi þjáðst af geðhvörfum/geðhvarfasýki (e. *bipolar disorder/manic-depressive disorder*).⁶⁸ Haustið 1851 réð rúmlega tvítugur vinnumaður á prestsetrinu Breiðabólstað í Fljótshlíð sér bana. Hafði hann verið í þjónustu prestsins, Jóns Halldórssonar (1807–1858) prófasts, síðastliðin fimm ár svo að veruleg kynni hljóta að hafa tekist með þeim. Hafði hann sýnt sig í að vera „[...] eitthvört það skikkanlegasta, ráðvandasta og [hóflegasta?] vinnuhjú, laus við allan útslátt og trúr í öllu sínu verki.“ Var hann þó sagður „[...] stórlindur að náttúru og þikkjuþungur.“ Um vorið, árið áður, hafði tekið að bera á þunglyndis- eða geðveikisköstum hjá honum. Lá hann í fleiri eða færri daga í mánuði en inni á milli „[...] er hann sýndist heilbrigður fór að bera á meiri eða minni óreglu á ráðslaginu.“ Þótti samt ekki kasta tólfunum fyrr en á „liðnum vetri og einkum vori“ þegar hann sló sér „[...] mikið út með óráðleg viðskipti og kaupabrall við hvörn sem hann náði til.“ Daginn sem hann dó bar upp á sunnudag og fór presturinn að heiman í embættiserindum. Hann vitjaði vinnumanns síns áður en hann lagði af stað og hafði sá síðarnefndi þá legið í hálfan mánuð að því sinni. Var rómur hans þá „[...] svo veikur og eymdarlegur, að auðheyrta var að hugurinn hafði að bera hina þyngstu qvöl.“ Aldrei kvaðst presturinn þó hafa heyrt sjálfsvígstal hjá manninum né vitað aðra heyrt hafa.⁶⁹ Svo virðist sem vinnumaðurinn hafi gengið í gegnum djúp þunglyndisskeið en þess á milli farið í manísk uppsveifluköst sem skýrir útstáelsi hans og kaupskap.

⁶⁶ Sama heimild, bls. 170, 182–184.

⁶⁷ Anna Gerge, *Trauma*, bls. 15.

⁶⁸ Hvað er geðhvarfasýki?, *attavitinn.is*, sótt 21. mars 2025 af <https://attavitinn.is/heilsa/hvad-er-geðhvarfasýki/>.

⁶⁹ Þf. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. GA/4-2. Dóma- og þingbók Rangárþings 1846–1859, bls. 119–122.

Hugtakið *skömm* vísar til fjölbættra tilfinninga og kennda.⁷⁰ Hér er það þó fyrst og fremst notað í félagslegri merkingu. Með því er þá átt við ótta við félagslega fordæmingu eða samfélagslega höfnun, samfara neikvæðu innra sjálfstali. Má vænta að þess konar tilfinningar hafi orkað sterkar á fólk í því fámenni sem hér ríkti en í fjölmennari samfélögum þar sem hver einstaklingur var ekki jafn berskjaldaður frammi fyrir almenningsálitinu. Í mörgum tilvikum var skömmin sprottin af glæp eða grun um afbrot sem fallið hafði á fólk, sem og yfirvofandi refsingu. Í íslenska fámennissamfélaginu hefur það reynst flestum þungt í skauti að vera stefnt fyrir rétt, reynast sek og að taka út refsingu. Hefur það líka fylgt mörgum sem í slíkt rötuðu upp frá því jafnvel eftir að þau höfðu tekið út refsingu fyrir brot sín. Félagsleg skömm gat þó verið til komin af allt annars konar ástæðum sem þó voru til þess fallnar að breyta orðstír til hins verra eða a.m.k. skapa ótta hjá mönnum um að sú yrði raunin. Einkum kann þetta að hafa reynst erfitt góðbændum sem urðu fyrir því í ellinni að efni þeirra gengu til þurrðar eða það fjarði undan félagslegri stöðu þeirra af öðrum ástæðum. Þessu máli gegnir um nokkra úr hópi þeirra öldruðu karla sem bundu enda á lífi sitt á rannsóknartímanum og voru úr hópi efnamanna og jafnvel bestu bænda sveitar sinnar.⁷¹ Þar kunna þessar fjárhagslegu aðstæður vissulega að hafa valdið miklu. Hér er því byggt á tveimur undirflokkum: *glæpir/refsing* og *breytt almenningsálit*. Alls falla 13 tilvik undir þennan næststærsta flokk meintra ástæðna.

Sauðabjófnaðir voru meðal verst þokkuðu afbrota í sveitasamfélaginu enda var með þeim vegið að framfærslu- og/eða tekjukostum bænda á sviði þar sem erfitt gat reynst að verjast en fé gekk eftirlitslaust í afréttum og heimahögum drjúgan hluta af árinu. Samkvæmt hegningarlögum sem gengu í gildi 1870 flokkuðust þeir sem stórbjófnaðir ásamt ránum úr kirkjum, póstránum, húsbrotnum eða skipulögðum stuldi þar sem brotamaðurinn var undir það búinn að grípa til vopna ef að honum væri komið. Lá allt að átta ára hegningarvinna við fyrsta broti af þessu tagi.⁷² Sauðabjófnaðir höfðu því unnið til þungrar refsingar og fyrirgert félagslegri stöðu sinni til langs tíma ef upp komst.

Vissulega stöfuðu sauðabjófnaðir oft af neyð þegar fólk varð bjargarlaust. Svo var þó ekki alltaf. Sumarið 1869 bar svo við að sterkur grunur tók að beinast að ungum og gjörvilegum bónda sem sett hafði saman bú ásamt konu sinni fáum árum áður suður í Landsveit. Hafði bóndinn kvongast úr foreldrahúsum en foreldrarnir voru vel metið bændafólk. Því má líta svo á að bóndinn ungi hafi haft gott forskot fram yfir marga aðra nýbýlinga sem áður höfðu árum saman

⁷⁰ Eina sjálfsvígsbréfið sem óyggjandi upplýsingar hafa fundist um í rannsókninni varpar ljósi á þær fjölbreyttu kenndir sem hér eru látnar rúmast í hugtakinu *skömm*. Vitni sögðu inntak þess hafa verið tómar ósamhangandi raunatölur, marklaust rugl og fyrirbærir sem og örventingar þankabrot út af því hvernig komið væri fyrir hinum látna. Þar sem það var ekki talið varpa ljósi á atvikið og þar örlaði á „þúngum huga“ til þeirra sem komið höfðu upp um afbrotin sem leiddu til sjálfsvígsins þótti sýslumanni réttast að eyða bréfinu. *Bl.* Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. GA/6-1. Dóma- og þingbók Rangárfþings 1869–1872, bls. 20–24. — Atvikið varpar trúlega ljósi bæði á bágar forsendur hins látna til að tjá hug sinn í þessum erfiðu kringumstæðum og sýslumanns og votta hans til að meðtaka efni bréfsins.

⁷¹ „Mannalát“, *Norðri* 1. maí 1853, bls. 40; „Sjálfsmorð“, *Þjóðólfr* 28. maí 1866, bls. 118; [Án fyrirsagnar], *Þjóðólfr* 24. janúar 1878, bls. 1. Sjá og: „Mannalát og slysfarir“, *Ísafold* 31. janúar 1878, bls. 4; „Slysfarir“, *Þjóðólfr* 19. maí 1893, bls. 91; „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn* 15. júní 1893, bls. 67; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 2, Akureyri: Hallgr. Pjetursson, 1924–1929, bls. 364. Sjá: Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld“, bls. 44–45.

⁷² *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* 2, 1870, bls. 693–694.

þjónað sem vinnuhjú hjá vandalausum. Sýslumaður hóf réttarrannsókn og þegar í fyrstu prófum viðurkenndi maðurinn að hafa markað upp 20–30 kindur í eigu annarra undir sitt mark. Virðist þarna um hreint auðgunarbrot að ræða. Hlé var fljótlega gert á rannsókninni vegna „vesældar“ mannsins. Í júlílok þegar taka skyldi málið upp að nýju hengdi bóndinn sig í útihúsi skammt frá bæ sínum. Í *Annál nítjándu aldar* segir að sama dag hafi sýslumaður verið væntanlegur á heimilið til framhaldsrannsóknar ásamt nokkrum bændum sem hann hafði kvatt til farar með sér ef vera kynni að þeir gætu helgað sér eitthvað af hinu uppmarkaða fé. Sögðu „[...] sumir, að þegar sást til ferða sýslumanns [...] hafi bóndinn gengið út í áður nefnt hús og lokið þar æfi sinni.“⁷³ Þetta virðist þó vera fært í stílinn. Líklegt er samt að maðurinn hafi horfst í augu við glataða æru og verið það um megn. Í a.m.k. þremur öðrum tilvikum var sauðþjófnaður meint ástæða sjálfsvíga.⁷⁴

Undir þennan flokk fellur og sjálfsvíg Sólborgar Jónsdóttur sem fyrirför sér með eitri þegar rannsókn var að hefjast í dulsmáli hennar 1892.⁷⁵ Már Jónsson sagnfræðingur tók 42 dulsmál, eða grun í þá veru, á nítjándu öld upp í annál sinn um slík mál frá 1595 til 1913. Sólborg ein lést meðan á máli hennar stóð.⁷⁶

Ekki höfðu menn þó alltaf sjálfir bakað sér þá skömm sem reið þeim að fullu. Um miðbik rannsóknartímans fyrirför sér t.d. maður suður á Vatnsleysuströnd. Um hrið hafði hann sýnt augljós merki geðshræringar sem stafaði af því að dóttir hans og tengdasonur, sem með honum bjuggu, höfðu orðið uppvis að því að stela lýsi og saltfiski frá næstu nágrönnum þeirra.⁷⁷

Hjúskaparmál í uppnámi

Undir þennan flokk falla fimm sjálfsvíg sem eiga það sameiginlegt að framtíðar-áform um hjúskap runnu út í sandinn en þó af mjög ólíkum ástæðum. Á öndverðu rannsóknartímabilinu réð sér t.d. bana Páll nokkur Arason sem stóð fyrir búi í Belgsdal í Dölum. Hann hafði ráðist fyrirvinna ekkju sem þar bjó og stefndu þau að hjúskap. Þegar fram í sótti „[...] vildi hún ekki þýðast hann, hve blíðlega sem hann leitaði.“ Á allraheilagramessu (1. nóvember), strax að loknum húslestri, sem Páll hafði lesið sjálfur, gekk hann út og hengdi sig í hesthúsi þar heima. Dagurinn var haldinn heilagur til 1770. Lengi eftir það var hans þó minnst með því að eta svið og kallaðist hann því sviðamessa. Hafði Páll mælt til að konan skammtaði honum þau en hún tekið því „ógreiðlega“. Hafði hann þá gengið út til verknaðar síns. Lagðist atvikið mjög þungt á heimilisfólk sem fékkst ekki til að dvelja náttlangt á bænum.⁷⁸ Hér virðist heitrof konunnar hafa

⁷³ Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 3, bls. 422–423.

⁷⁴ „Frjettir innlendar“, *Fróði* 4. maí 1883, bls. 3–4, hér 4; „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn* 11. ágúst 1888, bls. 104; „Sjálfsmorð“, *Þjóðólfr* 2. mars 1894, bls. 42; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 4, Finnur Sigmundsson bjó til prentunar, Akureyri: Bókautgáfan Edda, Árni Bjarnarson, 1942–1954, bls. 410.

⁷⁵ Már Jónsson, *Dulsmál 1600–1900: Fjörtán dómur og skrá*, Heimildasafn Sagnfræðistofnunar, ritstj. Anna Agnarsdóttir, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2000, bls. 272.

⁷⁶ Sama heimild, bls. 260–273.

⁷⁷ Þf. Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetinn í Hafnarfirði. EA1/12-2. Þingbók 1854–1862, bls. 32r–36r, 39r–41r, 45r–45v; „Frjettir/Slysfarir“, *Þjóðólfr* 10. maí 1856, bls. 84; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 2, bls. 433.

⁷⁸ Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 1, Akureyri: Hallgr. Pjetursson, 1912–1922, bls. 149; Árni Björnsson, *Saga daganna*, Reykjavík: Mál og menning, 1993, bls. 272–274.

orkað svona þungt á karlinn, þótt upp úr kunni að hafa soðið út af sviðunum. Með því að neita honum um þau hafði húsfreyjan sýnt öllu heimilisfólkinu að hann sæti ekki við sama borð og fullgildir bændur.

Örbirgð og örmögnun

Með örbirgð er hér átt við fátækt og efnalegan skort sem þó nokkur hluti þjóðarinnar átti við að búa á rannsóknartímanum. Örbirgðin gat verið viðvarandi og fólk búið við hana mikinn hluta ævinnar, ef ekki ævilangt. Hún gat þó tekið breytingum frá einu æviskeiði til annars, t.a.m. vaxið með ellinni. Þá gat hún hafa brostið á skyndilega t.d. eftir að harðindi, fjárfellir eða önnur skakkaföll höfðu svipt fólk lífsafkomu að meira eða minna leyti. Loks gat maka- eða foreldramissir valdið örbirgð þegar fyrirvinna féll frá en á nítjándu öld var dauðinn nálægur á öllum skeiðum ævinnar.⁷⁹ Örmögnun vísar aftur á móti til einstaklingsbundinna viðbragða við örbirgð sem ráðist hafa af fjölda samverkandi þátta, þar á meðal persónu- og skapgerð fólks. Örmögnun var þó ekki ætíð samfara efnalegri örbirgð heldur gat hún sprottið af öðrum óblíðum kjörum sem fólk bjó við. Hér falla fimm tilvik undir þennan flokk.

Átakanlegt dæmi frá því um miðbik rannsóknartímans (1862) verður fyrir í tilviki Önnu Árnadóttur, 37 ára gamallar ekkju í Skaftártungu sem misst hafði tvo eiginmenn. Hún var sjö barna móðir og var hið elsta 14 ára en það yngsta rúmlega árgamalt. Hún var vel að sér í mörgu og vel látin en var nú buguð bæði á líkama og sál. Þarna var því um að ræða konu á besta aldri sem átti við mikinn tilfinninga- og félagslegan vanda að stríða. Um miðjan ágúst þegar allt heimilisfólk var á engjum nema hún og börn af báðum býlunum sem á jörðinni voru sætti hún „[...] í ráðleysi þessu færi [...]“ og hengdi sig í fjósbaðstofunni þar heima.⁸⁰ Hér hefur verið um örmögnun vegna viðvarandi vanda að ræða þótt ekki sé víst að Anna hafi endilega búið við efnalega örbirgð en hún stóð fyrir eigin búi. Vissulega var ekki langt um liðið frá dauða seinni mannsins en ætla má að fleira en sorgarviðbörð vegna dauða hans hafi strítt á konuna.

Árið áður hafði gamall maður til heimilis hjá Guðmundi Teitssyni hreppstjóra í Firði í Múlahreppi á Barðaströnd ráðið sér bana. Hafði hann verið gjörspilltur af kláða og óþrifum og að mestu rúmliggjandi en klæddist dag og dag. Var hann hryggur yfir að vera orðinn óvinnufær og „angurvær“ yfir að hann fengi litla aðstoð frá börnum sínum sem bjuggu norður í Ísafjarðarsýslu. Ekki hafði þó orðið vart við óróa eða óánægju hjá honum og enginn grunur verið uppi um að hann færi sér að voða.⁸¹ Ljóst virðist að kjör mannsins í ellinni hafi reynst honum um megn og hann örmagnast. Ekki hefur reynst mögulegt að komast að hvort hann hafi verið niðursetningur en þeir voru ofurseldir húsbændum um allan aðbúnað. Aðeins er þekkt ein sjálfsvígstilraun gamallar konu sem var á sveitar-

⁷⁹ Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 188–194; Sigurður Gylfi Magnússon, „„Dauðinn er lækur, en lífið er strá“: Líf og dauði á nítjándu öld“, *Eitt sinn skal hver deyja*, ritstj. Hannes Sigurðsson, [án útgáfustaðar]: Mokka-Press, 1996, bls. 128–142.

⁸⁰ „Mannalát og slysfarir“, *Þjóðólfr* 23. desember 1862, bls. 34–35, hér 35; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 3, bls. 160–161.

⁸¹ Þf. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/4-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1857–1863, ónúmeruð.

framfæri en henni var afstýrt.⁸² Þá skiptir máli að konan, sem sögð var skapstyggi, mun oft hafði haft á orði að ekki væri mikið mál að svipta sig lífi án þess þó að hafa reynt það áður. Mun hún hafa sagt að sér leiddist lífið án þess að hún þyrfti að kvarta yfir illu atlæti.⁸³ Hér virðist því almennur lífsleiði konu á lægsta þrepi samfélagsins hafa valdið mestu um tilraunina. Vekur raunar athygli að niðurstæðingar skuli ekki koma meira við þessa sögu. Hér gæti þó verið um heimildavanda að etja. Líklega hafa sjálfsvíg/sjálfsvígstilraunir „sveitarómaga“ ekki þótt mikið fréttæfni og e.t.v. síður sætt rannsóknnum en þegar betur sett fólk átti í hlut.

Líkamlegir sjúkdómar

Í því for-nútímalega samfélagi sem hér var við lýði á nítjándu öld voru fá úrræði fyrir hendi þegar alvarlegir líkamlegir sjúkdómar komu upp. Læknar voru fáir og víða langt og torsótt að vitja þeirra.⁸⁴ Þótt auðveldara hefði verið að ná til þeirra hefði það í fjölmörgum tilvikum skilað litlu. Þá má benda á að aðferðir við verkjastillingar hafa ekki verið margar. Við þessar aðstæður voru banvænir sjúkdómar fleiri en nú og allir sjúkdómar ólíkt erfiðari viðfangs. Þó voru líkamlegir sjúkdómar sjaldan tilfærðir sem meint ástæða sjálfsvíga, eða einungis í alls fimm skipti.

Í ágúst 1849 var t.d. hafin réttarrannsókn vegna sjálfsvígs manns nokkurs til heimilis að Staðarhöfða í Innri-Akraneshreppi. Hafði hann lengi verið heilsulitill og mjög illa haldinn af brjóstveiki síðan þá um vorið með blóð- og graftaruppgangi. Seinustu vikuna þjáðist hann líka af taki „[...] gegnum vinstra brjóstið undir herðablaðinu.“ Hann hafði oft ekki geta haldist við rúmið og verið svefnlaus á nóttunni vegna kvala. Hafði hann verið „[...] órólegur í sinninu og sagt á stundum að hann gjæti ekki lengur lifað.“ Höfðu ráðstafanir verið gerðar til að koma honum sjóleiðis til læknis í Reykjavík.⁸⁵

Einsemd og félagslegur vandi

Í sveitasamfélagi nítjándu aldar var gengið út frá að fólk sem ekki stóð fyrir eigin búi eða aflaði sér formlegs leyfis til lausamennsku (lausamennskubréfs) hefði fastan samastað a.m.k. til árs í senn. Fram til 1863 gildi tilskipun frá átjándu öld sem skyldaði öll sem svo var ástatt um að ráða sig til vistar hjá bændum. Á síðustu áratugum rannsóknartímans losnaði um þessa vistarskyldu, eða vistarband, eins og fyrirkomulagið hefur löngum verið nefnt.⁸⁶ Jókst eftir það sjálfræði fólks smám saman.

⁸² Þf. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Sauðárkróki. GA/7-5. Dóma- og þingbók 1869–1871, bls. 370–372.

⁸³ Þf. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Sauðárkróki. GA/7-5. Dóma- og þingbók 1869–1871, bls. 370–372.

⁸⁴ Til að bregðast við þessum vanda hóf Jón Hjaltalín (1807–1882), síðar landlæknir, lækningakver sitt frá 1840 með leiðbeiningum um hvernig lýsa skyldi sjúkdómum fólks í bréfum til lækna er aðstoðar þeirra var leitað. Jón Hjaltalín, *Lækninga-ker*, bls. 1–4.

⁸⁵ Þf. Sýslumaðurinn í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. EA1/1-3. Aukadómabók Borgarfjarðarsýslu 1842–1856, bls. 53v–55r. Afbökun sjá: *Íslenzkar þjóðsögur og sagnir* 5, safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon, Grímur M. Helgason bjó til prentunar, ný útgáfa, Reykjavík: Þjóðsaga, 1984, bls. 435.

⁸⁶ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 100–105; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálftætt fólk*, bls. 14.

Heimilin voru grunneiningar samfélagsins og stigveldisskipt, líkt og samfélagið í heild. Húsbændurnir fóru þar með æðsta vald, ekki aðeins í krafti þess að þeir áttu búið, þótt ekki væru þeir endilega jarðeigendur, heldur gegndu þeir einnig margháttuðum aðhalds- og ögunarhlutverkum sem ríkisvaldið lagði þeim á herðar varðandi þann húsaga sem þeim bar að halda uppi. Vinnuhjú töldust langt fram eftir aldri til ungdómsins þar sem þau voru ekki félagslega fullveðja og héldu ekki eigið heimili. Mörg hjú dvöldu á sama heimili árum eða jafnvel áratugum saman og hafa þá litið á býlið sem eiginlegt heimili sitt. Hvert heimili myndaði líka samþætta félagslega heild sem samanstóð af fjölskyldu og hjúum. Eins og húsaskipan og heimilisháttum var almennt farið til sveita má líta svo á að skortur á einkarými hafi frekar verið vandamál en félagsleg einsemd.⁸⁷ Þess vegna er líklegt að það hafi reynst þungbært að einangrast gegn vilja sínum frá því þéttriðna neti sem hvert heimili oftast myndaði eða af öðrum ástæðum þurfa að lifa á jaðri þess.

Einhver brögð hafa verið að því að fólk ætti erfitt með að fá vist ef það var í hjúastétt eða að við því væri tekið í húsmennsku ef lausamenn áttu í hlut. Hefur það þá stafað af miklum skapgerðarbrestum, sjúkleika, samskiptavanda eða að fólkið hafi af öðrum ástæðum ekki rekist í hópi í þeim mæli sem gert var ráð fyrir í sveitasamfélaginu. Þegar hefur verið drepð á veikt fólk sem var ekki í fastri vist, hvort sem það hefur sjálft ekki fest yndi á einum stað eða að engum hefur litist á að taka það inn á heimili sökum sjúkleika þess eða hegðunarvanda og skapgerðarbrestra. Þessu máli gegndi t.a.m. um Pál Gunnlaugsson sem fannst 1854 druknaður við bæinn Auðna á Hjarðarnesi í Barðastrandasýslu með stein bundinn um hálsinn. Af orðum hans og athöfnum skömmu áður þótti ljóst að hann hefði ráðið sér bana á flóði en viljað að lík sitt fyndist á fjöru. Páll hafði verið tvíkvæntur en skilið við báðar konurnar og höfðu fjölskyldurnar verið leystar upp. Hann var prestssonur, auk þess sem einn bróðir hans var prestur, annar sýslumaður og sá þriðju stúdent. Sjálfur hafði Páll lært „sjómannafræði“. Þá voru skipasmiður og silfursmiður meðal bræðranna. Þeir virðast að því leyti hafa komist vel til manns. Páll stóð um tíma sjálfur fyrir búi en var eftir það ýmist í vistum eða húsmennsku. Svo kom að hann fékk ekki lengur neinn samastað. Bannaði jarðeigandi jafnvel leiguliða sínum að halda hann. Var Páli svo lýst að hann væri „stirðlyndur“ og að illt væri „[...] að koma skapi við hann“. Þó hefði hann verið vel viti borinn og hagorður. Skapgerðarbrestur eða viðlíka vandi virðist hafa legið í ættinni: faðir hans skildi við tvær eiginkonur, sýslumaðurinn, bróðir hans, skildi við síðari konu sína og presturinn reyndist ófarsæll í embætti.⁸⁸

Ekki var algengt á nítjándu öld að fólk byggi eitt. Þau sem því máli gegndi um hafa því skorið sig úr og átt þar með við ákveðinn félagslegan vanda að etja. Í maí 1861 fannst maður hengdur uppi á lofti í húsinu Lundi á Oddeyri við Eyjafjörð sem hann hafði keypt og nýlega flutt í. Hann hafði kviðið flutningunum út

⁸⁷ Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg og sveitasamfélag“, bls. 6–8.

⁸⁸ Fyrri skilnaður Páls varð vegna hórdómsbrots eiginkonu en sá síðari líklega að frumkvæði síðari eiginkonunnar. „Fréttabálkur“, *Gestur Vestfirðingur* 1/1855, bls. 1–11, hér 11; Páll Eggert Ólason, *Íslenskar aviskrár 1*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948, bls. 102; Páll Eggert Ólason, *Íslenskar aviskrár 2*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1949, bls. 215–216; Páll Eggert Ólason, *Íslenskar aviskrár 5*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1952, bls. 149.

á eyrina sem var lítt byggð á þessum tíma og kvaðst „[...] ekki kunna að vera einn“. Svo virðist líka að búsetan þarna hafi reynst honum um megn. Við rannsókn atviksins kvað Hallgrímur Tómasson (1822–1899) hreppstjóri maðinn hafa komið heim til hans að Grund í Eyjafirði skömmu fyrir atvikið, líkt og oft áður. Þá hefði hann jafnan gist og verið glaður og viðfeldinn. Nú hefði hann aftur á móti verið venju fremur daufur og þegjandalegur. Vildi Hallgrímur lífga hann upp og bauð kaffi, brennivín og næturgistingu. Gesturinn vildi ekkert þiggja og kvaðst einskis óska sér nema deyja og það sem fyrst því að sig vildu „[...] hvorki Guð né menn sjá og fór að gráta.“ Hvarf hann síðan burt.⁸⁹

Drykkja

Óhætt er að fullyrða að áfengisdrykkja var ástæða fyrir fjölmörgum slysum af ýmsu tagi hér á landi á nítjándu öld enda var altítt að tíunda drykkjuvenjur og ölvunarástand manna í slysafregnum landsmálablaðanna. Ritstjórar þeirra voru samt ekki einir um að líta svo á að drykkjuskapur landsmanna skýrði mörg dauðsföll á sjó og landi. Svipað mat kom einnig fram m.a. í skýrslum landlæknis til heilbrigðisyfirvalda í Danmörku.⁹⁰ Hér var ýmsu um að kenna. Á ferðalögum voru menn oft nestislitlir og í kaupstaðarferðum var altítt að menn keyptu áfengi eða þeim væri gefið á ferðapela í kaupbæti í verslunum. Þá munu margir hafa leitast við að verjast kulda með brennivínsdrykkju þrátt fyrir að læknar gerðu tilraunir til að sporna við þeirri venju.⁹¹ Þegar menn drukku vín eftir að vosbúð, svengd og þreyta var tekin að segja til sín var oft skammt í ölvun og óhöpp. Í fjórum tilvikum var vandi sem tengdist áfengisneyslu tilfærður sem meint ástæða sjálfsvíga.

Undir lok rannsóknartímans skar Guðjón Sigfússon, beykir á Akureyri, sig t.d. á háls þar sem hann var við vinnu í bræðsluhúsi Höepfnarsverslunar á Odd-eyrantanga. Hann var dável greindur og ráðvandur en hneigðist til ofdrykkju og mun hann naumast hafa verið með fullu ráði síðustu dagana.⁹² Um svipað leyti fór unglingspiltur úr Silfrastaðasókn í Skagafirði í messu- og skemmtiferð að Miklabæ í Blönduhlíð. Varð hann ölvaður og steypiti sér í Héraðsvötnin á leið heim. Vissulega var þess getið að hann hafi verið veill á geði, auk þess að vera hneigður til öls.⁹³ Var hið síðarnefnda talin ástæða atviksins.

⁸⁹ Þf. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri. GA/10-1. Dóma- og þingbók 1860–1865, bls. 25v–27v; Arnór Bliki Hallmundsson, „„Snorrahús hið eldra“ á Oddeyri: Sögubættir af Norðurgötu 11“, *Súkur* 2025, bls. 122–133, hér 125–126.

⁹⁰ Sjá t.d.: Þf. Landlæknir 1920–2. D/6. Ársskýrslur 1860–1870. Medicinal Indberetning fra Physicaten i Island for 1858, 24. febrúar 1859; Jón Hjaltalín, *Lækninga-kef*, bls. 65–66; Jón Finsen, *Tagttagelser angaaende Sygdomsforholdene i Island*, bls. 176–177.

⁹¹ Jón Hjaltalín, *Lækninga-kef*, bls. 38–39. Sjá: Guðjón Ólafsson, *Vökulok*, Ólafur Halldórsson og Gunnar Marel Hinriksson bjuggu til prentunar, Ritröð Sögufélags Árnesinga 1, Selfossi: Sögufélag Árnesinga, 2009, bls. 121.

⁹² Þf. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri. GA/30-2. Dóma- og þingbók 1894–1898, bls. 29–31; „Sjálfsmorð“, *Fjallkonan* 12. júní 1894, bls. 94; „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn ungi* 8. júní 1894, bls. 102; „Sjálfsmorð“, *Stefnir* 21. maí 1894, bls. 39. — Guðjón er sagður Sigurðsson í *Fjallkonunni* og *Þjóðviljunum unga*.

⁹³ „Sjálfsmorð“, *Fjallkonan* 16. júlí 1895, bls. 119 (þar er sagt að verknaðurinn hafi verið gerður í bráðræði og gerandinn e.t.v. verið ölvaður); „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn ungi* 27. júlí 1895, bls. 136 (talað um ölæði); „Drukknarir“, *Þjóðólfrur* 13. september 1895, bls. 180 (sjá meginmál); „Sjálfsmorð“, *Skírnir* 1895, bls. 27 (engin ástæða gefin); Kristmundur Bjarnason, *Skagfirzukur annáll 1847–1947 1*, [án útgáfustaðar]: Mál og mynd, Sögufélag Skagfirðinga, 1998, bls. 243.

Í nokkrum tilvikum er þess getið að drukknir menn hafi farið sér að voða með ýmsum hætti. T.a.m. var talið að bóndinn á Egg í Hegranesi hafi fyrirfarið sér í Héraðsvötnum. Hann hafði í seli í Borgarey og var mælt að hann hafi riðið þangað „[...] í fússi kenndur af brennivíni“ og steipt sér fram af Hrossatanga gegnt Ytri-Húsabakka.⁹⁴ Þarna kann að hafa verið um ölvunarslys að ræða og ekki víst að atvikið hafi í raun verið sjálfsvíg þótt samtímafólk liti vissulega svo á. Sýnir þetta að taka verður frásagnir af sjálfsvígum drukkinna manna með varúð.

Trúarvél

Eins og getið hefur verið, er hér sérstaklega látið reyna á hvort trúarlegar efasemdir eða annars konar trúarvél hafi verið taldar ástæður sjálfsvíga á tímabilinu.

Sjálfsvíg Sakaríasar Illugasonar, húsmanns á eignarjörð sinni, Hjöllum í Þorskafirði, árið 1852 er eitt af þeim tilvikum sem fá má hvað gleggsta mynd af, bæði hvað varðar aðdraganda og meintar ástæður.⁹⁵ Ljóst er að þar hafa ástæðurnar verið margar og ólíkar þótt hver hafi væntanlega gripið inn í aðra. Sakarías var lausamaður og vel settur efnalega séð. Hann virðist þó alltaf hafa haft áhyggjur af eignum sínum, sem kann að hafa stafað af skapgerð hans. Þá hefur margs konar vandi sótt að honum með vaxandi aldri. Má þar nefna kvíða tengdan hrakandi líkamlegri heilsu og óþægindi vegna heimilisastæðna á Hjöllum þar sem honum þótti of margt heimilisfólk og aðbúnaður ekki fullnægjandi. Í réttarrannsókn sem fram fór vegna dauða hans voru sum vitnanna spurð um trúarlíf Sakaríasar. Það var sjaldgæft á þessum tíma en varð að föstum lið í rannsókn sjálfsvíga síðar á öldinni. Húsfreyjan á Hjöllum kvaðst ekki geta sagt frá tali hans né meiningum í trúarbragðaeftum. Hún kvað Sakarías vissulega hafa verið við húslestra en ekki vissi hún „[...] til þess að hann árið sem leið síðan í fyrra vor gengi til guðsborðs.“ Þá bar vinnumaður að tal hans hafi verið „[...] ýmislegt og stundum óvenjulegt“, hafi hann sagt að „[...] guð hefði getað búið manninn öðruvísi til heldur enn hann væri og stjórnað honum öðruvísi og látið önnur tilfelli koma fram við hann.“ Þá hefði hann kennt „[...] guðs stjórn um veikindi sín.“ Arnfinnur Jónsson (1811–1860) hreppstjóri, sem lét sér annt um Sakarías, kvað hann aftur á móti hafa talað við sig „[...] um að álag eða mótlæti sitt væri frá guði komið honum til góðs og annað fleira sem hver skynsamur kristinn maður mundi talað hafa.“ Seint í rannsókninni var sóknarpresturinn í Gufudal, Andrés Hjaltason (1805–1882), kallaður til yfirheyrslu. Kvaðst hann tvívegis upp á síðkastið hafa átt tal við Sakarías heima á Hjöllum, fyrst um þrettándann og síðar í húsvitjunarferð seint á góu, eða á að giska hálfum mánuði fyrir atvikið. Í bæði skiptin hefðu samtöl þeirra tekið líka stefnu. Fyrst hefði verið rætt um heilsufar Sakaríasar en talið síðan borist til „hugunar annars lífs“. Kvað presturinn það hafa verið kjarnann í máli Sakaríasar að hann væri „[...] búinn að sleppa öllu trausti á guðs vísdóms stjórn og að hann væri án huggunar og vonar bæði í andlegum og veraldlegum eignum.“ Kvaðst presturinn hafa reynt að hughreysta hann „[...] og telja honum trú um að þetta sem honum

⁹⁴ Kristmundur Bjarnason, *Skagfirzukur annáll 1847–1947*, bls. 114.

⁹⁵ Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg og sveitasamfélag“ bls. 11–13.

virtist mótdrægt væri af guði gefið honum til góðs.“ Voru þetta viðtekin viðhorf kirkjunnar manna um þetta leyti. Sakarías hefði þrætt út af sumum fortölum prests, þagði við sumum en svarað sumum svo: „Mjer verður ekki viðhjálpað, allt er úti fyrir mjer.“ Kvað presturinn sér þó ekki hafa til hugar komið að Sakarías mundi skömmu síðar fyrirfara sér.⁹⁶

Full ástæða er til að ætla að ummæli Sakaríasar Illugasonar og þá einkum í samtali hans við prestinn vísi til raunverulegra efasemda, ef ekki angistar, af trúarlegum toga og að hún hafi vel geta verið hluti af ástæðum þess að hann réð sér bana. Nú er ekki ljóst af hverju hugar- og trúarvíl Sakaríasar stafaði. Líkast til hefur verið um fjölþættan vanda að ræða sem stafað hafi af persónuleika-einkennum, þverrandi þreki og líkamlegri heilsu, auk vaxandi kvíða og hugsanlega þunglyndis með hækkandi aldri. Trúarlegu efasemdirnar gætu verið birtingarmynd þessa ástands án þess að vera aðalástæða sjálfsvígsins. Spurningin um vægi þeirra verður því látin standa opin hér.

Í ljósi þess að þetta er eina dæmið sem fundist hefur af þessu tagi virðist sú mynd sem Hrafnkell Lárusson dró upp í þessu efni og drepíð var á hér framar vel geta staðist fyrir Ísland. Einhver breyting kann þó vissulega að hafa orðið frá því á átjándu öld og að einstaklingshyggja í trúarefnum, þar á meðal efasemdir, hafi gert vart við sig í ríkara mæli þegar komið var fram á nítjándu öld. Trúarvíl (s. *modlöshet/brist på förtroende*) var heldur ekki algeng ástæða sjálfsvíga í Svíþjóð en samkvæmt niðurstöðum Arnes Jarrick var það talið skýra 3,5 af hundraði sjálfsvíga þar í landi.⁹⁷

Trú getur komið fram með tvennum hætti í félagssögulegu tillit. Hún getur verið hluti af þeim grunni sem samfélagið byggir gildi sín á. Trúarleg tákni og atferli eru þá sýnileg á flestum sviðum daglegs lífs. Dæmi þess má t.a.m. sjá þegar bændur signdu fyrir bæjardyr sínar að kvöldi dags og sjómenn tóku ofan og báðu sjóferðabænar í upphafi róðrar. Þetta kallast *trúarmenning* til aðgreiningar frá *trúarsannfæringu* sem kemur t.d. fram þegar sérstaklega trúaðir einstaklingar biðja ferðabænar nú á dögum, en áður var slíkt föst venja. Fyrr á öldum var trúarmenning ráðandi um atferli fólks hér en hefur nú látið undan síga í hinu veraldlega samfélagi nútímans. Með vaxandi einstaklingshyggju veltur aftur á móti frekar á trúarsannfæringunni hvort fólk grípur til trúarlegs atferlis eða ekki.⁹⁸ Vera má að þessi aðgreining milli trúarmenningar og trúarsannfæringar skýri að nokkru leyti hve sjaldan trúarvíl virðist koma við sögu í tengslum við sjálfsvíg hér á landi á rannsóknartímanum, þ.e. að trúin hafi fremur verið virk sem afl er mótaði sameinandi atferli í samfélaginu en sem öflugur áhrifavaldur í sálarlífi einstaklinga.

⁹⁶ Þf. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/3-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1847–1852, bls. 70–108 (einkum 78–82, 83, 98, 105–106).

⁹⁷ Arne Jarrick, *Hamlets fråga*, bls. 55.

⁹⁸ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi 3, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 357–359; Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Íslenskt þjóðmenning* 5, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1988, bls. 75–339, hér 313–314, 326–327.

Niðurstöður

Í þessari grein hefur ekki verið reynt að grafast fyrir um raunverulegar ástæður sjálfsvíga hér á landi á nítjándu öld enda tæpast von um að þær muni nokkurn tímann finnast. Þvert á móti er leitast við að kanna hvaða ástæður samtímafólk taldi hafa hrundið fólki til að taka líf sitt. Þetta er nefnt „meintar ástæður“ sjálfsvíga og varpar skýru ljósi á viðhorf fólks til sjálfsvíga á rannsóknartímanum og hvernig það skildi sjálfsvíg almennt. Á grundvelli kannaðra heimilda hefur tekist að slá föstum slíkum ástæðum fyrir hátt í sextíu af hundraði þeirra tæplega 170 sjálfsvíga sem byggt er á í rannsókninni. Vissulega er oft getið fleiri en einnar meintrar ástæðu. Ekki er þá alltaf ljóst hvort einhver ein ástæða, og þá hver, hafi verið talin aðalástæða hvers sjálfsvígs né hvert samband kunni að hafa verið milli hinna tilfærðu ástæðna. Þetta er eðlilegt þar sem sjálfsvíg eiga sér sjaldnast eina orsök né einfalda. Má raunar líta svo á að þessi óvissa auki á trúverðugleika heimildanna þótt hún geri jafnframt alla flokkun torveldari en ella.

Aðalniðurstæða könnunarinnar er að á nítjándu öld hafi fólk litið svo á að geðræn veikindi eða annar vandi af geðrænum toga væri langalgengasta ástæða sjálfsvíga. Þetta átti við um hátt í 60 af hundraði þeirra sjálfsvíga sem meintar ástæður hafa fundist fyrir. Ekki virðast ákvæði laga um viðurlög eða viðurlagaleysi við sjálfsvígum hafa haft teljandi áhrif á tíðni þessarar skýringar. Hér er því litið svo á að um raunverulegt mat fólks hafi verið að ræða en ekki tylliástæðu sem gefin hafi verið til að komast hjá greftri utangarðs og eignaupptöku. Vert er að gefa því gaum að sterkur geðrænn þáttur kann og að hafa verið samverkandi flestum öðrum meintum ástæðum sjálfsvíga þótt ástæður af öðrum toga væru þá taldar frumorsök. Sýnir þetta að á rannsóknartímanum hafa sterk tengsl verið álitin milli sjálfsvíga og geðrænnar vanheilsu. Þessi ályktun kemur vel heim og saman við skrif læknanna Sveins Pálssonar og Jóns Finsen seint á rannsóknartímanum. Niðurstæðan sýnir að í þessu hefur mat fólks á nítjándu öld verið á svipuðum nótum og almennt er nú á dögum. Þá kemur hún vel heim og saman við niðurstöður Hrafnkels Lárussonar og Arnes Jarrick varðandi sjálfsvíg hér á landi og í Svíþjóð á átjándu öld.

Þegar horft er til möguleika geðsjúkra til lækningar, eða a.m.k. bættrar líðanar, umönnunar þeirra, aðbúnaðar, stöðu og kjara er skiljanlegt að þau sem svo var háttað um hafi verið talin í meiri sjálfsvígshættu en almennt gerðist. Líklegt var líka að áhrif sjúkleikans ágerðust með aldri og hnignandi kröftum og að hann einangraði hin sjúku frá umhverfi sínu í æ ríkara mæli. Framtíðarhorfur sjúklinganna hafa því heldur ekki verið góðar.

Sú meinta ástæða sem næst kom var fyrst og fremst félagslegs eðlis þótt vart sé mögulegt að líta framhjá því að hún hafi jafnframt haft sálfræðilega hlið. Er þarna átt við skömm sem oft stafaði af afbroti eða að minnsta kosti grun um glæp, réttarrannsókn og yfirvofandi refsingu. Gat þetta átt bæði við um skömm sem hin látnu höfðu bakað sér sjálf og þá sem nánir ættingjar, og þá einkum börn viðkomandi, höfðu valdið. Var sauðþjófnatur algengasta brotið sem hér kom við sögu en hann taldist til stórglæpa. Þó verður að líta svo á að breyttur efnahagur og skyld atriði sem áhrif höfðu á almenningsálit til hins verra hafi einnig getað haft í för með sér lífsógnandi skömm. Hér skiptir miklu að í fámennissamfélagi var hver og einn einstaklingur berskjaldaður fyrir dómum

annarra og ekki þá síst þau sem höfðu úr háum söðli að detta. Átti þetta einkum við um góðbændur sem dáðir höfðu verið fyrir frumkvæði og dugnað en horfðust í augu við breytt almenningssálit og sjálfsmat í ellinni sem braut í bága við fyrri sjálfsmynd þeirra.

Aðrar meintar ástæður voru mun fátíðari og komu aðeins fram í fjórum til fimm tilvikum, eða jafnvel enn færri. Meðal þeirra ástæðna sem koma fimm sinnum við sögu er sá flokkur sem hér kallast *hjúskaparmál í uppnámi* og rúmar ólík tilvik. Á nítjándu öld var hjúskapur lykill að því að geta stofnað eigið heimili og komist í stétt húsbænda/húsfreyja og verða þar með félagslega fullveðja. Hljóta draumar flestra að hafa beinst í þá átt. Því er ekki að undra þótt brostnar vonir í þessu efni hafi leitt til sjálfsvíga en auk þessa geta sorg og/eða skömm komið til. Hér ber að hafa í huga að hjúskaparstofnun var ekki einkamál fólks, líkt og er nú á dögum, heldur varð það að hafa fengið jarðnæði, oftast leiguábúð á jörð eða jarðarhluta, vera orðið þess fjárhagslega megnugt að setja saman bú og loks að hafa öðlast samþykki foreldra eða forráðamanna til að stofna til hjónabands. Hér var því torveldan stíg að feta og mikið í húfi ef áformin brugðust.

En hvaða ályktanir er mögulegt að draga um þau tengsl sem fólk á nítjándu öld taldi vera milli sjálfsvígshættu og stöðu einstaklinga í samfélaginu? Efnahagur mikils hluta þjóðarinnar var bágborinn og/eða brothættur á nítjándu öld og oft þurfti lítið til að efnahagslegur grunnur heimila brysti. Velferðarkerfi var þá ekki til staðar í landinu þótt samfélagið axlaði lágmarksskyldur varðandi lífsviðurværi þeirra sem ekki gátu framfleytt sér upp á eigin spýtur eða með hjálp sinna nánustu. Loks var læknishjálp mjög takmörkuð vegna fámennis í lækna-stétt og takmarkaðra möguleika á að leita hjálpar þeirra, oft um langan veg, og oft á tíðum höfðu þeir jafnframt fá úrræði til að bregðast við sjúkdómum og slysum. Í ljósi þessara almennu atriða má raunar teljast athyglisvert hversu sjaldan örbirgð, líkamlegir sjúkdómar og þá einnig dauði nákominna ættingja var talinn hafa leitt til sjálfsvíga. Hér ber að gæta að í sumum tilvikum sameinaði neyðin (t.d. fátækt) umtalsverðan hluta þjóðarinnar og í öðrum tilvikum þjóðina alla. Þannig ógnuðu líkamlegir sjúkdómar og slys háum sem lágum og dauðinn var nálægur á öllum æviskeiðum, hver svo sem í hlut átti. Vera má að þetta hafi aukið seiglu þjóðarinnar frammi fyrir vanda af þessu tagi og að fólki hafi síður fallist hendur gagnvart vanda sem talist gat almennur, öfugt við t.a.m. geðræn veikindi sem einangruðu einstaklinginn frá fjöldanum. Hér verður þó að gæta þess að sjálfsvíg þeirra sem lægst voru sett í samfélaginu, og þá einkum ómaga, hafa tæpast verið talin til mikilla tíðinda og síður sætt rannsókn en dauði annarra. Því kann að skorta upplýsingar þegar þeir áttu hlut að máli.

Þá er athyglisvert að huga að því hve hættulegt það virðist hafa verið talið að einangrast í samfélagi sem hvíldi á því kerfi að hvert og eitt ætti fastan samastað og tilheyrði ákveðnu heimili a.m.k. til árs í senn. Umhugsunarefni er t.a.m. tilvik manns sem hafði efnalega burði til að eignast eigið hús á Oddeyri við Eyjafjörð en það aftur á móti talið hafa reynst honum um megn að hafa þar við einn síns liðs.

Hér var sérstaklega látið reyna á hvort eitthvert sjálfsvíg hefði verið skýrt með trúarlegum efasemdum, vangaveltum eða víli. Niðurstaða í því efni var sú að í

einu tilviki sé líklegt að þetta hefði verið talin a.m.k. ein af fleiri samverkandi ástæðum og þá einkum heilsufarslegs eðlis. Bendir þetta til að trúarlegir þættir hafi fremur komið fram sem ytri tákni er sameinuðu fólk (*trúarmenning*) en að trúartilfinningar eða -skoðanir hafi endilega vegið þungt í hugarheimi einstaklinga (*trúarsannfæring*).

Af þessum niðurstöðum má álykta að atriði sem einangruðu einstaklinga frá samfélaginu, eins og t.a.m. geðrænir sjúkdómar, skömm, hjúskaparmál í upplausn og einsemd, hafi verið talið auka sjálfsvígshættu á nítjándu öld. Einstaklingar sem frekar áttu samleið með breiðum hluta samfélagsins og deildu — jafnvel bágu — kjörum með honum virðast á hinn bóginn hafa vera taldir eiga auðveldara með að lifa við erfiðleika sína. Sýnir þetta það mat að affarasælla hafi verið talið að eiga sem mesta samleið með fjöldanum en að einangrast á jaðri samfélagsins eða segja sig úr lögum við það t.d. með alvarlegu afbroti á borð við sauðabjófnað. Virðist þessi ályktun falla vel að hugmyndum Émiles Durkheim um að samband kunni að vera milli sjálfsvíga og félagsstöðu.